





# EFNI BLAÐSINS



## Umræðan

- 4** Birgir Guðmundsson:  
Fjármögnun fjölmiðla og áhrif almannaþjónustumiðla
- 7** Bók í tilefni 120 ára afmælis
- 8** Frode Nilsen Børfjord:  
Fjölbreytni og fjölræði fjölmiðla í Noregi
- 12** Sigurður Bogi Sævarsson:  
Viðtal við Steingrím Sævarr Ólafsson
- 15** Gagnlegt Pressukvöld

## Blaðamannaverðlaun

- 16** Tilnefningar dómnefndar
- 17** Verðlaunahafar og rök dómnefndar
- 18** Björn Vignir Sigurpálsson:  
Verðlaunaávarp
- 20** Sigrún Alba Sigurðardóttir:  
Verðlaunaávarp
- 22** Verðlaunamyndirnar

## Siðadómar

- 28** Úrskurðir Siðanefndar

**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

*Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

**Útlitshönnun:** *Ásprent*

**Prentun:** *Ásprent*

## Skrifstofa Blaðamannafélagsins

*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155*

*Bréfsími 553-9177*

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*

*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður*

*og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*



## Rannsóknir

- 33** Af vettvangi háskólanna

## Blaðamannafélagið

- 37** Félagatal

## Forsíðumyndina

*tók Heiða Helgadóttir. Myndin var valin Mynd ársins 2016.*

# Framtíðin og fjölmiðlunin

Efnahagslegur grundvölur almennrar fjölmiðlunar og þar með sigildrar blaðamennsku er nú í brennidepli umræðunnar. Um allan heim leita menn leiða til að fjármagna vandað fjölmiðlaefni, upplýsingaðflun og tjáningu sem fyrst og fremst tekur mið af almannahagsmunum en er ekki ofurseld sérhagsmunum eða markaðslögmálum. Tæknibylting með tilheyrandi breytingu á fjölmiðlanotkun, harðnandi samkeppni og markaðsvæðing á öllum sviðum fjölmiðlunar hafa að verulegu leyti kipt grundvöllinn undan tekjuginni hefðbundinnar blaðamennsku og gert hana háðari og viðkvæmari gagnvart markaðs- og sérhagsmunasjónarmiðum. Hluti af þessum vanda felst í alþjóðavæðingu þar sem risafyrirtæki geta í senn tekið þátt í samkeppni á auglýsingamarkaði og samkeppni um notendur, jafnt á hnattræna og staðbundna vísu.

Þetta gerist á sama tíma og eðli fjölmiðlunar breytist, áhrif samfélagsmiðla breyta umgjörð og fréttamati hefðbundinna miðla sem í vaxandi mæli taka mið af því sem deilt er og dreift manna á meðal og krafan um markaðsvænt ritstjórnarefni setur mark sitt á ritstjórnarstefnu allra miðla, jafnt prent- sem ljósvakamiðla.

Segja má að út frá samfélagslegu sjónarhorni sé kreppa hefðbundinna fjölmiðla tvöföld, annars vegar sú fjármögnunarkreppa sem að ofan er getið og svo hins vegar sá lýðræðissskaði sem takmörkun á haldbærum og faglega unnum upplýsingum veldur samfélagsumræðunni. Segja má að í því gegndarlausu upplýsingaflæði og nánast ótakmarkaða aðgengi nútímamannsins að upplýsingum, eins jákvætt og það nú er, hafi þörfin á faglegum og staðfestum upplýsingum, sem farið hafa í gegnum eldskírn faglegra vinnubragða blaðamanna, einmitt margfaldast. Falskar fréttir, skoðanir sem settar eru fram sem staðreyndir og hvers kyns fleipur sem er í umferð tröllríður skilningarvitum borgaranna án þess að þeir hafi í raun nokkra möguleika til að vita hvað er satt og hverju logið. Slíkt afvegaleiðir heilbrigða umræðu, blekkir og blæs í glóðir rangtúlkunar. Í þessu ljósi hefur hlutverk blaðamanna og fjölmiðlanna sem upplýsingakerfis lýðræðisins sjaldan eða aldrei verið meira.

Síðar í þessum mánuði mun nefnd um úrræði til fjármögnunar einkarekinna fjölmiðla á Íslandi skila tillögum sínum. Haft er eftir formanni nefndarinnar hér í blaðinu að rétt sé að stilla væntingum til tillagnanna í hóf, en engu að síður vekur það ákveðnar vonir að nefndin mun nálgast málið út frá lýðræðishlutverki fjölmiðla og raunar menningarlegu hlutverki þeirra líka. Það í sjálfu sér er mikilvægur áfangi, því of algengt er að lítið sé á afkomu og rekstur fjölmiðla sem hvern annan atvinnurekstur og að nóg sé að huga að almennum efnahagslegum samkeppnisforsendum án tillits til mikilvægis þeirra fyrir þjóðfélagsumræðu. Skilningur á sérstöðu fjölmiðla og mikilvægis blaðamennsku hefur lengi verið meiri í nágrannalöndum okkar, s.s. í Noregi þar sem á margan hátt sambærileg nefnd við þá sem hér hefur verið að störfum skilaði af sér í síðasta mánuði. Frode N. Børfjord, blaðamaður í Noregi, tók saman fyrir Blaðamanninn niðurstöður norsku nefndarinnar og umræðuna í tengslum við hana og eins og sjá má á þeirri samantekt er ríkur skilningur á lýðræðishlutverki fjölmiðla einkennandi þar. Háar upphæðir úr sameiginlegum sjóðum hafa um árabíl farið í að styrkja fjölbreytni og fjölræði í norski fjölmiðlun, og í þessum nýju tillögum er bent á að ekki sé um annað að ræða – á meðan efnahagslegar undirstöður fjölmiðlunar ekki breytast til hins betra – en að halda áfram myndarlega á þeirri braut. Norðmenn vilja talsverðu kosta til svo raunveruleg lýðræðisleg umræða geti þrífist. Íslendingar hafa gjarnan borið sig saman við Norðmenn og hinar Norðurlandáþjóðirnar. Því er afar fróðlegt að bera saman íslenska og norska umræðu um hverju fólk er tilbúið að kosta til, svo tryggja megi fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum.

Birgir Guðmundsson

## Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.  
Óli Kristján Ármannsson, KOM, varaform.  
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Fréttatíminn, ritari  
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2, gjaldkeri  
Helga Arnardóttir, RÚV  
Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

## Varamenn:

Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið  
Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðið  
Jóhann Hliðar Harðarson, RÚV

## Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ  
Óli Kristján Ármannsson, varaformaður BÍ  
Guðni Einarsson, Mbl.  
Höskuldur Schram, Stöð 2  
Jón Hákon Halldórsson, Vísi  
Kolbeinn Þorsteinsson, DV  
Kristín Dröfn Einarsdóttir, Birtingi

## Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2  
Guðjón Guðmundsson, Viðskiptablaðið  
Guðmundur Bergkvist, RÚV

## Siðanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður  
Hjörtur Gíslason, varaformaður  
Friðrik Þór Guðmundsson  
Ásgeir Þ. Árnason  
Róbert Haraldson

## Varamenn:

Jóhannes Tómasson  
Valgerður Jóhannsdóttir  
Sigríður Arnadóttir

## Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður  
Arndís Þorgeirsdóttir  
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir  
Kári Jónasson  
Svanborg Sigmarsdóttir

## Menningar- og orlofshúsa sjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður  
Lúdvík Geirsson  
Hilmar Karlsson

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður  
Guðni Einarsson, Morgunblaðið  
Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2

## Varamenn:

Baldur Guðmundsson, DV  
Hjálmar Jónsson, BÍ  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

## Skoðunarmenn reikninga:

Sigtryggur Sigtryggsson, Morgunblaðið  
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Morgunblaðið

## Kjörnefnd:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður  
Guðmundur Ólafur Ingvarsson  
Kristján Hjálmarsson

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið: Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir  
DV: Kolbeinn Þorsteinsson  
Stöð 2/Bylgjan: Höskuldur Kári Schram  
Birtingur: Kristín Dröfn Einarsdóttir  
Fréttablaðið: Snærós Sindradóttir  
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

# Fjármögnun fjölmiðla og áhrif almannapjónustumiðla

*Rekstrargrundvöllur fjölmiðla víða um heim er í kreppu vegna harðnandi samkeppni og víðtækra breytinga í fjölmiðlun á umliðnum árum*

Í ársbyrjun skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson, nefnd til að skoða hvernig bæta megi stöðu einkarekinna fjölmiðla á Íslandi. Í tilkynningu menntamálaráðuneytisins segir að nefndin eigi að koma með „tillögur um breytingar á lögum og/eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi og tryggja að hér á landi fái þrífist fjölbreyttur markaður frjálsra fjölmiðla með tilliti til mikilvægs hlutverks þeirra fyrir lýðræðisþróun og samfélagsumræðu.“

## Mótmæli einkastöðva

Bent er á í tilkynningunni og raunar í erindisbréfi nefndarinnar að fulltrúar einkarekinna fjölmiðla hafi vakið athygli á erfiðri stöðu sem rekja mætti til utanaðkomandi aðstæðna, og að skorað hafi verið á stjórnvöld að gera „nauðsynlegar, málefnalegar og tímaþærar breytingar á íslenskri löggjöf til þess að jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði.“ Þær athugasemdir einkarekinna miðla sem hér er vísað til komu fyrst og fremst frá ljósvakamiðlum sem vöktu m.a. athygli á málinu með 7 mínútna þögn þann 1. september 2016. Í sam-



Eftir Birgi Guðmundsson

eiginlegri yfirlýsingu þeirra miðla sem að þessu stóðu er lögð áhersla á að einkareknir miðlar sitji við sama borð og erlendir keppinautar sem komið hafi inn á bæði á áskriftar- og auglýsingamarkað á sama tíma og þeir greiða hér hvorki skatta né gjöld. „Þessir miðlar lúta ekki íþyngjandi reglum um meðhöndlun efnis sem innlendir fjölmiðlar gera. Einkareknir miðlar treysta á tekjur af auglýsingasölu til að standa undir starfseminni og því væri öllum til hagsbóta væru opinberir fjölmiðlar ekki á þeim markaði,“ segir í yfirlýsingunni.

## Vandamálið

Þessi nefndarskipan og sú þróun og það ástand sem er tilefni hennar er ekki bundið við Ísland og má segja að það sé hluti af umfangsmikilli alþjóðlegri fjölmiðlakreppu sem tækniþróun

og brestur í rekstrarforsendum hefðbundinna fjölmiðla hefur framkallað. Vandamálið í hnotskurn snýst um það að með tilkomu Internetsins og stafrænu byltingarinnar í heild hefur tekjuginnur fyrir framleiðslu á fréttatengdu fjölmiðlaefni dregist verlega saman um leið og samþjöppun í framleiðslu á afþreyingar- og menningarefni hefur verið gríðarleg. Það hefur því orðið vaxandi áhyggjuefni, meðal annars hjá blaðamönnum víða um lönd, hvernig tryggja megi fjármögnun sem standi undir faglegri blaðamennsku og viðunandi fjölbreytni í fjölmiðlum almennt. Gott dæmi um þetta er að heilt hefti af Norræna fjölmiðlablaðinu Nordicom Information var á síðasta ári helgað þessum vanda og þar tjáðu m.a. allir formenn norrænu Blaðamannafélaganna áhyggjur sínar ([http://www.nordicom.gu.se/sites/default/files/kapitel-pdf/nordicom-information\\_38\\_2016\\_1\\_35-40.pdf](http://www.nordicom.gu.se/sites/default/files/kapitel-pdf/nordicom-information_38_2016_1_35-40.pdf)).

## Upplýsingakerfi lýðræðis

Umræðan hér á landi snýst ekki síst um rekstrarumhverfi og hvort stjórnvöld séu tilbúin til að grípa inn í með einhverjum hætti til að „jafna samkeppnisstöðu“ fjölmiðla, einkum ljósvakamiðla. Þessi áhersla kom mjög greinilega fram í málflutningi þeirra ljósvakamiðla sem vísað er til hér að framan. Annars staðar hefur umræð-

an þó víða verið á breiðari grundvelli og ekki einskorðast við ljósvakann á sama hátt og á Íslandi. Annars staðar hafa blaða- og stjórnámálamenn gjarnan haft alla fjölmiðla undir, ekki síst prentmiðla, og í nágrannalöndum okkar hefur stuðningur við fjölmiðla almennt verið umtalsverður og talinn sjálfsgöð ráðstöfun til að tryggja sem best upplýsingakerfi lýðræðisins.

Í nefnd þeirri sem menntamálaráðherra skipaði í ársbyrjun á sæti fólk sem allt er virt sem sérfræðingar á sínu sviði en í forsæti fyrir nefndinni er Björgvin Guðmundsson, fyrrum blaðamaður og ritstjóri og nú einn fyrirsvarsmanna kynningarfyrirtækisins KOM.

## Tillögur í apríl

Björgvin segir við Blaðamanninn að reikna megi með að nefndin skili af sér tillögum í apríl. Óhjákvæmilega vakna spurningar um hversu langt nefndin mun ganga, ekki síst í ljós þess að nefnd sem var að endurskoða regluverk um fjölmiðla í Noregi skilaði af sér fyrir nokkru og þóttu tillögur hennar róttækar en flestir fögnuðu þeim þó, eins og fram kemur í grein Íslandsvinarins og rannsóknarblaðamannsins Frode N. Borfjord hér annars staðar í blaðinu. Björgvin telur þó rétt að stilla væntingum í hof varðandi tillögur nefndarinnar um þau áhrif sem þær muni hafa á rekstur einkamiðla. Björgvin segir að nefndin hafi fundað reglulega frá því í janúar og kallað eftir upplýsingum frá skráðum fjölmiðlum og notað tímann til að greina fjölmiðlamarkaðinn, ekki síst



Björgvin Guðmundsson.

auglýsingamarkaðinn. „Nú erum við að vinna úr þessum upplýsingum, fylla upp í glufur og móta þær hugmyndir sem hafa komið fram. Við höfum sérstaklega horft til tveggja sjónarmiða, sem er að efla lýðræðishlutverk fjölmiðla, þ.e. fréttastofur, ritstjórnir, umræðuna og svo menningarhlutverk fjölmiðla, s.s. íslenskrar framleiðslu, tungumálsins, talsetningar og textunar,“ segir Björgvin. Aðspurður vill Björgvin þó ekkert segja um hugsanlegar niðurstöður að svo komnu máli, né hvort líklegt sé að nefndin komi með tillögur um útgjaldaaukningu ríkisins líkt og norska nefndin gerði eða hvort menn muni eingöngu leggja til breytingu á skiptingu varðandi tekjuöflunarmöguleika. Hann staðfestir þó að nefndin hafi rætt um almenna fjölmiðlastyrki, kosti og galla slíks fyrirkomulags, þó engin ákvörðun liggi fyrir og einnig að auglýsinga-

markaðurinn hafi verið greindur og staða RÚV á honum.

## Almannaþjónustumiðlar

Mjög mismunandi er hvernig fyrirkomulagi fjármögnunar á útvarpi/sjónvarpi í almannaðágu er háttað í veröldinni. Raunar eru skilgreiningar á almannaútvarpsstöðvum líka stundum ólíkar og greinarmun má gera á ríkisútvarpi annars vegar og útvarpi í almannaðágu hins vegar. Þannig eru sumar einkareknar sjónvarpsstöðvar skilgreindar sem almannaðjónustumiðlar og ræðst sú skilgreining þá af efnistöfum og dagskrá viðkomandi miðla. Oft, en ekki alltaf, kemur opinber fjárstuðningur að einkareknum almannamiðlum. Almenn er fjár til stuðnings fjölmiðlum í almannaðágu aflagð með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða opinber framlög sem koma þá ýmist í formi afnotagjalds í einhverju formi, eða þá að nefskattur eða útvarpsgjald er lagt á skattborgarana. Hins vegar er um sjálfsaflafé að ræða sem þá er aflagð á auglýsingamarkaði, með sölu á markaði á einhverjum framleiðsluafurðum viðkomandi fyrirtækja.

## Fjármögnunarleiðir

Víðast hvar er farin blönduð leið fjármögnunar en mjög misjafnt er hins vegar hvernig sú blanda er brugguð. Þannig eru margar af stærstu almannaðjónustustöðvunum í heiminum reknar með blöndu þessara leiða eins og sjá má í Töflu 1.

Eins og sjá má hafa 6 af 10 stærstu

Blanda fjármögnunar 10 stærstu almannaðvarpa	
ARD Þýskaland, (samband svæðisstöðva)	Afnotagjald; takmarkaðar auglýsingar; aðrar viðskiptatekjur
BBC, Bretland	Afnotagjald; aðrar viðskiptatekjur
NHK, Japan	Afnotagjald; aðrar viðskiptatekjur
France TV	Afnotagjald, ríkisframlag; auglýsingar (tímatakörk), aðrar viðskiptatekjur
Doordarshan, Indland	Ríkisframlag; auglýsingar; aðrar viðskiptatekjur
ZDF, Þýskaland	Afnotagjald, takmarkaðar auglýsingar
Rai, Ítalía	Afnotagjald; ríkisframlag, auglýsingar, aðrar viðskiptatekjur
CBC/SRC, Kanada	Ríkisframlag; auglýsingar; aðrar viðskiptatekjur
ABC, Ástralía	Ríkisframlag; aðrar viðskiptatekjur
SRG/SSR, Sviss	Afnotagjald; auglýsingar, aðrar viðskiptatekjur

**Tafla 1** Sambland fjármögnunar hjá 10 stærstu almannamiðlum víðs vegar um heiminn. Þegar vísað er í „aðrar viðskiptatekjur“ getur verið um að ræða sölu á efni og réttindagreiðslur eða annað af þeim toga. (Heimild: IHS Technology, TV Intelligence.)



Talsverð umræða hefur verið um hlutverk og stöðu RÚV á fjölmiðlamarkaði.

almannapjónustufjölmiðlafyrirtækjunum hluta af tekjum sínum af auglýsingum, þ.e. sem segja má að séu á auglýsingamarkaði. Hins vegar segir það ekki nema hluta sögunnar, því svigrúm þeirra á almennum auglýsingamarkaði er oft mjög skert, eins og t.d. bæði í Þýskalandi og Frakklandi, þar sem auglýsingabann gildir á ákveðnum mikilvægum útsendingartímum.

## Samkeppni um áhorf og auglýsingar

Hugmyndin er þannig að stuðla að samkeppni um áhorf og auka með þeim hætti fjölbreytni og fjölræði, en takmarka um leið samkeppnina á auglýsingamarkaði. Þar sem mikil samkeppni ríkir hins vegar milli fyrirtækja, ríkisstuddra- og einkafyrirtækja, um bæði auglýsingar og áhorf, þykir það sjást á dagskrá viðkomandi stöðva, t.d. eins og hjá Rai á Ítalíu þar

sem gæði dagskrár eru iðulega sögð minni en hjá öðrum almannaútvörpum. Þannig segir t.d. Kate Conolly í samantekt um almannapjónustuútvarp í The Guardian 19. júlí 2015 að Rai hafi lengi setið undir ámæli fyrir að búa ekki til gæðadagskrá líkt og hjá til dæmis BBC. „En þrátt fyrir einhverjar undantekningar einkennist ítalskt sjónvarp enn af skemmtipáttum og fréttatengdum spjallþáttum sem miðast meira við að skemmta áhorfendum en upplýsa.“ Án þess að í því felist dómur um gæði dagskrár, er ljóst að íslenski markaðurinn er að þessu leyti líkari þeim ítalska en t.d. þeim norska, þar sem samkeppnin hér á landi er mikil bæði um áhorf og auglýsingar.

## Norðurlöndin

Á hinum Norðurlöndunum er hin almenna stefna víðast hvar sú að halda almannaútvarpisstöðvunum sem eru á vegum hin opinbera utan við samkeppni á auglýsingamarkaði á sama tíma og þær keppa við einkarekna stöðvar um áhorfendur og hlustendur. Þannig er Norska ríkisútvarpið nánast algerlega án auglýsinga og aðrar stöðvar (s.s. TV2) keppa við ríkisstöðvarnar á áhorfendamarkaði en ekki auglýsingamarkaði. Nú hafa komið upp tillögur þar í landi um að styrkja einkastöðina TV2 vegna breytinga á rekstrargrundvelli fjölmiðla, eins og fjallað er um hér annars staðar í blaðinu.

Í Danmörku hefur DR og hinar ýmsu rásir þess ekki verið á auglýsingamarkaði, en það hefur hins vegar hin danska TV2 verið þrátt fyrir að vera að fullu í ríkiseigu. Meginstöðin, TV2 Denmark, hefur engu að síður ítarlega skilgreindar almannapjónustuskýldur en svæðisstöðvar hennar eru hins vegar fjármagnaðar með afnotagjöldum.

Svipaða sögu er að segja frá Svíþjóð og Finnlandi. Sænska SVT, (RS og UB) keppir á hlustendamarkaði en ekki á auglýsingamarkaði og sama á við um YLE í Finnlandi þó að brot af heildartekjum þessara stöðva komi af höfundarétti, sölu efnis og leigu á aðstöðu og öðru slíku, sem í Töflu 1 var nefnt „aðrar viðskiptatekjur“.



Hlutverk nefndarinnar var að skoða fjármögnun fjölmiðla á einkamarkaði, þar á meðal 365 miðla.

# Bók í tilefni 120 ára afmælis BÍ

„Í hörðum slag – Íslenskir blaðamenn II“ geymir viðtöl við 15 íslenska blaðamenn

Í *hörðum slag, íslenskir blaðamenn II* er nafnið á nýrri bók sem Blaðamannafélagið stendur að útgáfu á, en félagið fagnar 120 ára afmæli sínu á þessu ári. Í þessari einstöku bók greina 15 þjóðþekktir íslenskir blaðamenn frá sjónarmiðum sínum og reynslu af blaðamennsku á seinni hluta 20. aldar og upphafi þessarar aldar.

Guðrún Guðlaugsdóttir er höfundur viðtalanna og nær af næmni að skygnast með viðmælendum sínum baksviðs í fréttu- og þjóðmálaumræðu á miklum umbrotatímum í Íslandssögunni. Þannig gefst einstakt tækifæri til að kynna samtímis mikilvægum vendingum í fjölmiðlun á Íslandi og kynna einstaklingum sem öðrum fremur hafa stjórnað upplýsingastreymi til almennings áratugum saman. Viðtölunum fylgja nýjar glæsilegar portrettmyndir Kristins Ingvarssonar af viðmælendum.

Bókin hefur einnig að geyma einstakan ljósmyndakafla sem byggir á fréttaljósmýndasafni Gunnars V. Andrésónar sem hefur skráð með myndrænum hætti sögu þjóðarinnar í 50 ár. Bókinni lýkur á fræðilegri samantekt um fagvæðingu blaðamannastéttarinnar, sem Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri, skrifar en hann er jafnframt ritstjóri bókarinnar.

Þeir sem rætt er við í bókinni eru: Björn Vignir Sigurpálsson, Magnús Finnsson, Steinar J Lúðvíksson, Kári



Viðmælendur og aðstandendur bókarinnar í útgáfuhófi í Blaðamannaklúbbnum.

(Mynd: Gollí)

Jónasson, Ingvi Hrafn Jónsson, Freysteinn Jóhannsson, Árni Johnsen, Jóhanna Kristjónsdóttir, Styrmir Gunnarsson, Kjartan L. Pálsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Gunnar V. Andrésón, Jóhannes Reykdal, Úlfar Þormóðsson, og Sigurdór Sigurdórsson.

Bókin kemur út í tilefni afmælis Blaðamannafélagsins sem verður 120 ára í ár. Það er Blaðamannafélagið sem gefur út bókina í samvinnu við Sögur útgáfu og Háskólann á Akureyri.

# Stuðningur við fjölbreytni í fjölmiðlum í Noregi

**Frode Nilsen Börfjord, fyrrum ritstjóri samfélagsdeildar NRK í Osló, skrifar fyrir Blaðamanninn**

Á fjölmiðlamarkaði sem byggir á staðbundnu og tiltölulega litlu málsamfélagi er samkeppnin við alþjóðlega risa s.s. Google og facebook sem bjóða upp á auðveldar auglýsingaleiðir smá saman að mola undan hagnaði og lífsbjörg hefðbundinna fjölmiðlafyrirtækja. Á sama tíma hafa áskriftartekjur dagblaðanna dregist saman. Spurningin um það hvernig best sé að lifa af í þessu umhverfi verður stöðugt ágengari hjá fjölmörgum útgefendum og ljósvakamiðlum.

Norska er móðurmál um 95% þeirra sem búa í Noregi. Rúmlega 5 milljónir Norðmanna nota tungumálið í sínu daglega lífi. Utan Noregs er þekking á tungumálinu og notkun þess nánast engin, jafnvel þótt flestir Svíar og Danir geti kannski skilið flest sem sagt er. Tungumálið er í flestum löndum grundvöllur menningarinnar og til þess að hægt sé að nota það í opinberri umræðu og upplýsingagjöf þurfa að vera til staðar frjálsir og fjölbreyttir fjölmiðlar og öflug blaðamennska. Undanfarin ár hefur eitt helsta umræðuefni varðandi fjölmiðlamarkaðinn í Noregi snúist um brostinn viðskiptagrundvöll fjölmiðla



*Greinarhöfundur, Frode Nilsen Börfjord.*

og hvernig huganlegt sé að finna nýjar leiðir til að reka og styrkja fjárhagslega fjölmiðla þjóðarinnar.

## Almannaútlit

Versnandi rekstrarumhverfi fjölmiðla almennt varð til þess fyrir nokkru að athyglin beindist að ríkisútvarpinu, Norsk Rikskringkastning (NRK). Einkareknir fjölmiðlar, bæði á landsvísu og staðbundnir, viðruðu gagnrýni

sína þess efnis að umsvif ríkismiðilsins skekktu samkeppnisstöðu, ekki síst var bent á að NRK væri sérstaklega öflugt á netinu og staðbundnið á flestum svæðum án þess að hafa þar neina gjaldtöku af notendum. Þetta varð fljótt að átakaefni í umræðunni á landsvísu.

## Fjölbreytni í fjölmiðlum

Í Noregi hafa fjölmiðlastyrkir verið til staðar frá því 1969. Tilgangur þessara styrkja er að viðhalda og tryggja fjölbreytt landslag í dagblaðafloornni og sérstaklega að tryggja að til staðar sé svæðisbundin samkeppni. Þegar styrkjakerfið þróaðist var farið að styrkja sérstaklega tilteknar tegundir

útgáfu sem þóttu mikilvægar fyrir samfélagsumræðuna, s.s. pólitísk blöð, blöð minnihlutahópa, og málöggn sérstakra hópa. Mikilvægustu styrkir eru framleiðslustyrkir, sem úthlutað er út frá stærð blaðanna og stöðu þeirra á markaði og eiga að tryggja samkeppnina. Það er norska fjölmiðlaeftirlitið sem úthlutar fjölmiðlastyrkjum og sér um stjórnýslu kerfisins. Árið 2016 námu heildarstyrkir til norskra fjölmiðlafyrirtækja 325 millj-



*Knut Olav Åmås, formaður norsku fjölmiðlanefndarinnar.*

ónum norskra kóna (rúml. 4 milljarðar ísl. króna), samkvæmt upplýsingum frá norska fjölmiðlaeftirlitinu. Það er útbreidd skoðun í hinu hverfula rekstrarumhverfi á norskum fjölmiðlamarkaði – m.a. hjá mörgum útgefendum og fleirum – að þetta sé hvergi nærri nóg. Skoðanaskipti hafa verið mikil innan og á milli stjórnmalanna og fjölmiðlageirans á umliðnum árum þegar fjallað er um tekjur fjölmiðla, stuðning við þá og hlutverk almannáúvarpsins í þessari sviðsmynd. Í september árið 2105 ákvað norska menningarmálaráðuneytið að setja á fót sérsaka Fjölmiðlanefnd Noregs, sem átti að fjalla um fjölbreytni í fjölmiðlum og móta markvissari heildarfjölmiðlastefnu í þágu almennings. Formaður nefndarinnar var Knut Olav Åmås, sem er framkvæmdastjóri Málfrælsisstofnunarinnar (Fritt Ord), en sú stofnun hefur það að markmiði að styðja við málfrelsi í landinu og veita styrki nokkrum sinnum á ári í því skyni. Aðrir í nefndinni komu úr fjölmiðlageiranum og úr háskólasamfélaginu.

## Verkefnið

Grundvallarverkefni og hlutverk Fjölmiðlanefndarinnar var í erindisbréfi skilgreint út frá norsku stjórnarskránni. Í grein 100, 6. málsgrein stjórnarskrárinnar segir að yfirvöld séu skuldbundin til að skapa skilyrði fyrir opinni og upplýstri umræðu. Það eru því beinlínis stjórnarskrárlegar forsendur fyrir inngripi stjórnvalda í fjölmiðlamarkaðinn til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum og jafnræði – enda sé viðurkennt að slík fjölbreytni sé almennt skilyrði fyrir því að lýðræði geti þrífist og að málfrelsið sé virkt. Hlutverk og umboð nefndarinnar náði einnig til og mótaðist af þeim miklu tæknibreytingum sem orðið hafa og hafa haft gríðarleg áhrif á samkeppni, viðskiptamódel og fjölmiðlanotkun. Fjölmiðlanefndin taldi ljóst að hefðbundin fjölmiðlun stæði frammi fyrir umtalsverðum áskorunum vegna minni auglýsingatekna, samkeppni frá alþjóðlegum fjölmiðlarisum og því hversu erfiðlega gengi að finna tekjur í rekstri nýrra stafrænna fjölmiðlagátta.

Mun fleira var tiltekið sem verkefni nefndarinnar, en þar ber hæst hlutverk fréttu og fréttatengds efnis og fjölmiðla almennt við að dreifa fréttum og umræðu. Þá var áhersla á að greina og meta áhrif almannáúvarpsins á menningu og norska tungu. Þá átti nefndin að greina og meta notkun og gagnsemi opinbers stunings og styrkja við fjölmiðlakerfið. Útgangspunktur nefndarinnar varðandi opinber útgjöld var ekki einungis að leggja mat á hvort framlög og stuðningur væru fullnægjandi, heldur ekki síður að kanna hvort framlögum væri skynsamlega varið þannig að þau kæmu að sem mestu gagni.

## Niðurstöður

Nefndin kynnti niðurstöður sínar í byrjun mars í ár og dró upp frekar dökka mynd af ástandinu á norskum fjölmiðlamarkaði. Nefndin sagði: „Viðtekin viðskiptamódel geta ekki tryggt nægar tekjur. Minni tekjur og umfangsmikill niðurskurður á fréttastofum



og ritstjórnnum kemur í veg fyrir að stjórnendur hafi þær þjargir sem þarf til að skila til almennings raunverulegri fjölbreytni fjölmiðlaefnis. Nefndin telur að það sé mikil hætta á að sú blaðamennska sem er nauðsynleg fyrir opinbera umræðu geti beinlínis horfið áður en tekist hefur að finna sjálfbær rekstrarmódel fyrir fjölmiðla. „Fjölmiðlanefndin biður norska stjórnsmála- menn um að endurskoða núverandi fjölmiðlastefnu og setja sér mun metnaðarfullri markmið um opinberar aðgerðir eins fljótt og hægt er og miklu hraðar en hingað til. Skjótra aðgerða er þörf,“ segir nefndarformaðurinn Knut Olaf Åmås.

### Tillaga um almannaútvarp

Þá leggur fjölmiðlanefndin til að sem grundvallaratriði sé skynsamlegt að flytja eignarhald NRK frá ríkinu yfir til sérstakrar sjálfseignarstofnunar. Bent er á að vegna opinbers stuðnings í gegnum árin sé NRK í lykilhlutverki við að styðja norska tungu og menn-

ingu og að norska þjóðþingið muni á næstunni taka til umræðu framtíðarhlutverk riismíðilsins og þá gefist tækifæri til að beyta um eignarhald og gera það sjálfstæðara í sérstakri stofnun. Fjölmiðlanefndin telur líka ástæðu til að skerpa samhliða á skyldum NRK til að stuðla að fjölbreytileika í fjölmiðlaefni og að gera þurfi reglubundna úttekt á því hvernig gömlu dagskráefni er haldið til haga og það gert aðgengilegt öllum almenningi. Úttekt á starfsemi og fjármögnun NRK telur nefndin eðlilegt að gera á u.þ.b. fjögurra ára fresti og meta áhrfin á fjölmiðlamarkaðinn í heild, þar með talið einkarekna miðla.

### Tillaga um stuðning við einkarekna almennastöðvar

Fjölmiðlanefndin skilalði frumskýrslu um einkarekna útvarps- og sjónvarpsstöðvar í október 2016. Þar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ef stjórnvöld vildu tryggja tilvist einka-

rekinnar almennrar sjónvarpsstöðvar utan höfuðborgarinnar, þyrfti að koma til meiri stuðningur og viðtækari aðgerðir. Í Noregi þurfa sjónvarpsstöðvar sérstakt starfsleyfi og þar er kveðið á um ákveðin almenn skilyrði, m.a. um efnistöð og hlutfall ólíks efnis. Þessi skilyrði eru sett í því samhengi að í Noregi er ríkisútvarpið NRK ekki á auglýsingamarkaði (en heimilar takmarkaða kostun á sérstaklega dýrum dagskrárlíðum, s.s. alþjóðlegum íþróttaviðburðum). Það sem Fjölmiðlanefndin, og raunar menningamálaráðuneytið sem hefur talað á svipuðum nótum, eru að tala um er að styrkja sérstaklega einkarekna stöðvar sem hafa höfuðstöðvar sínar utan Oslóar. Til þessa hefur það verið eitt skilyrðið í starfsleyfum þessara útvarps- og sjónvarpsstöðva, sem skilgreina má sem einkarekna almannaútvarpsstöðvar, að hafa ákveðið hlutfall af fréttum og menningarefni í dagskrá sinni og einnig að þær hafi höfuðstöðvar sínar úti á landi. Þessum kvöðum á stöðvunum hafa þó ekki

## Thomas Spence, formaður Blaðamannafélags Noregs:

# Purfum breytta stefnu og meiri viðbragðshraða



Thomas Spence, formaður Blaðamannafélags Noregs, segir 7. mars síðastliðinn vissulega hafa verið gleðilegan dag, bæði vegna þess að þá skilalði Fjölmiðlanefndin skýrslu sinni og til viðbótar birtust þann dag nýjar tölur um útbreiðslu dagblaða sem voru mjög jákvæðar.

„Þetta voru ánægjuleg tíðindi, bæði hvað varðar að sjá loksins útbreiðslutölur sem eru jákvæðar fyrir blaðamennsku og svo að fá þessa skýrslu þar sem í alvöru er horft til framtíðar fjölmiðlunar. Eins og fram kemur hér í greininni þá hvatti formaður Fjölmiðlanefndarinnar, Knut Olav Åmås, norska stjórnsmálamenn til að breyta núverandi fjölmiðlastefnu og grípa til metnaðarfullra aðgerða svo fljótt sem hægt sé og af meiri krafti og viðbragðshraða en áður.“

Spence segir að niðurstaða Fjölmiðlanefndarinnar séu í fullkomnu samræmi við það sem Blaðamannafélagið hafi verið að krefjast á umliðnum árum – þ.e. að stjórnvöld auki við og uppfæri til nútímalegra horfs fjölmiðlastyrkjakerfið. Hann undirstrikar að þegar allt komi

til alls sé þetta spurning um að styrkja opið og lifandi lýðræði í landinu.

„Það eru bara blaðamenn sem geta búið til faglega blaðamennsku. Að lækka tryggingargjaldið er stuðningsaðgerð á krepputímum sem mun gagnast bæði stórum og smáum fjölmiðlum, landsdekkandi og staðbundnum. Þetta er því aðgerð sem nýtist öllum fjölmiðlanotendum. Þá mun lenging styrkjatímabils í fjögur ár verða mjög til bóta og koma í veg fyrir alla þá sóun á tíma og kröftum sem fara í að berjast á hverju ári fyrir nokkrum milljónum norskra króna. Þess í stað munu fyrirtækin sem njóta þessara styrkja geta einbeitt sér að því að styðja við og styrkja blaðamenskuna sjálfa,“ segir formaðurinn.

Hann tekur einnig sterklega undir með Fjölmiðlanefndinni varðandi það að bráðaaðgerða sé þörf til að styrkja fjölmiðlafjölbreytni. „Stjórnvöld þurfa nú að tryggja það eins fljótt og auðið er að þessar tillögur verði gerðar að veruleika,“ segnir Thomas Spence, formaður Blaðamannafélags Noregs.

fylgt neinar fjárhagslegar stuðningsaðgerðir og í fyrra sóttu rekstraraðilar stærstu einkareknu sjónvarpsstöðvarinnar, TV2, ekki um endurnýjun á starfsleyfi sínu. Rökin voru einfaldlega að vegna rekstrarörðugleika á fjölmiðlamarkaði hygðist stöðin hætta í núverandi mynd, breyta umtalsvert starfsemi sinni og hætta með fréttir, flytja höfuðstöðvar sínar frá Bergen til Osló og skera jafnframt niður menningar- og fræðsluefni sem gildandi leyfi kvæði á um. Viðbrögð stjórnvalda og Fjölmiðlanefndarinnar voru að leggja til sérstaka styrki til einkarekinnna almannaútlagsstöðva – og það er almennt skilið þannig að þetta sé í raun tilboð til TV2, en stjórnendur þar hafa sjálfir sagt að þeir muni þurfa um 80 milljónir norskra króna (ríflaga milljarð íslenskra króna) ef halda á höfustöðvunum í Bergen og halda áfram með svipaðan rekstur og dagskrá og nú er boðið upp á. Fjölmiðlanefndin telur eðlilegt að styrkur sem nemur um það bil þeirri upphæð verði veittur til 3-5 ára og staðan síðan metin að því tímabili loknu. Ef svo færi að TV2 tæki ekki slíku boði er aðeins ein stöð í Noregi sem hugsanlega gæti sótt um slíkan styrk, en það er TV Norge, en sú stöð hætti öllum fréttaflytningi fyrir nokkrum árum vegna kostnaðar og almennt þykir frekar ólíklegt að þar á bæ hafi fólk áhuga á að taka á sig slíkan bagga á ný, enda gengur þokkalega með aðaláhersluna á afþreyingarefni.

Fram kemur í niðurstöðum nefndarinnar að framlag einkarekinnna almannastöðva til menningar, tjáningarfrelsis og sem valkostur við NRK sé gríðarlega mikið. Veruleg hætta sé á að fram komi markaðsbrestur og óvíst að einkastöðvar muni hafa bolmagn til að bjóða upp á fréttir, almenna þjóðfélagsumræðu, menningar- og trúarlega mikilvæga þætti og efni fyrir eldri borgara, börn og minnihlutahópa. Þetta feli í sér gríðarlega áhættu fyrir fjölbreytileika í kerfinu og því sé ofangreind tillaga um styrki sett fram. Þess má til viðbótar geta að sambærilegir styrkir eru lagðir til fyrir útvarpsstöðvar sem hafi höfuðstöðvar utan Oslóar og flytja efni sem flokkast getur sem almannaútlagssefni.



Norsk stjórnvöld styðja myndarlega við allar tegundir fjölmiðla.

## Aðgerðir vegna annarra miðla

„Fjölmiðlanefndin bendir á að hraði breytinga sé nú miklu meiri en nokkru sinni áður og að bráðaágerða sé þörf. Á sama tíma þurfum við að vanda vel til undirbúnings áður en gripið er til nýrra áðgerða. Við þurfum viðtækt samráð og vandaða pólitíska íhugun í þessari allsherjar endurskoðun fjölmiðlastefnunnar,“ segir Linda Helleland, menningarmálaráðherra Noregs.

Í niðurstöðum nefndarinnar koma fram ýmsar samhljóða tillögur um viðbætur við og breytingar á gildandi fjölmiðlastefnu. Flest þessa atriða eru hugsuð til næstu fjögurra ára en að þeim tíma liðnum færi fram endurmat og skoðun á áhrifum og síðan ákvörðun um framhald.

Útreikningar sýna að þær tillögur sem Fjölmiðlanefndin gerir geti allt í allt kostað á milli 743-843 milljónir norskra króna á ári (9,5-10,7 milljarða ísl. kr.) og er þar meðtalin kostnaður sem hlystist af styrkjum til einkarekinnna almannaútlagsstöðva. Allar tillögur nefndarinnar byggja á þeim sameiginlega grunni að tryggja þurfi aðgang almennings að upplýsingum sem byggðar eru á faglegri blaðamennsku á tímum þegar hvírfilbylir breytinga og fjárhagslegs óryggis blása um fjölmiðlageirann. Að lokum má hér nefna nokkrar tillögur nefndarinnar varðandi fjölmiðlagáttir aðrar en ljósvakamiðlana.

- Útvikun á undanþágum frá virðisaukaskatti þannig að áðgerðin nái til allrar miðlunar á fréttum og

fréttatengdu efni og sölu á einstökum fréttageinum.

- Tímabundin undanþága á tryggingagjaldi.
- Framhald á framleiðslustyrkjum fyrir fréttamiðla, en þó með þeirri aðlögun að staðbundnir fjölmiðlar fá lágmarksstyrk upp á 750.000 nkr. (9,5 milljónir ísl. kr.) og 1.295.000 nkr. (16,5 milljónir ísl. kr.) í Norður-Noregi.
- Styrkurinn sem veittur hefur verið til miðils (dagblaðs) sem er næststærstur í viðkomandi borg (ath. þetta er ekki styrkurinn til blaða á landsvísi sem skipta máli fyrir þjóðfélagsumræðu) verður endurskilgreindur þannig að hann fari nú til næststærsta staðbundna miðilsins. Breytingin komi til framkvæmda í skrefum næstu fjögur árin.
- Þakið á styrkjum til miðla verði lækkað þannig að styrkir geti ekki verið meira en 27% af rekstrarkostnaði viðkomandi miðils.
- Fjölmiðlanefndin leggur til þrjá nýja styrkjaflokka: a) Styrkir til að styðja við nýsköpun í fjölmiðlum, alls upp 30 milljónir nkr. (3,8 milljarða ísl. kr.) á ári. b) Styrkir til að efla blaðamennsku sem er samfélagslega mikilvæg, alls upp á 20 milljónir nkr. (2,5 milljarða ísl. kr.) c) Styrkir vegna fréttamiðlunar sem er ókeypiss fyrir notendur, alls upp á 20 milljónir nkr. (2,5 milljarða ísl. kr.).

# Hæstiréttur neitar að læra sína lexíu

„Áfellsdómur Hæstaréttar yfir umfjöllun okkar var einfaldlega rangur,“ segir Steingrímur Sævarr Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri vefmiðilsins Pressunnar. Á dögnum komst Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur Íslands hefði brotið gegn tjáningarfrelsi Steingríms með dómi 2013 um að hann skyldi greiða manni sem bauð sig fram til stjórnlagapings haustið 2010 alls 200 þús. kr. í miskabætur og 800 þús. kr. í málskostnað vegna ærumeiðandi ummæla sem birtust í miðlinum.

Dómarar við MDE töldu niðurstöðu Hæstaréttar brjóta gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu. Inntak þeirrar greinar er sá að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis og þess að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum, án þess þó að slíkt raski allsherjarreglu.

„Mannréttindadómstóllinn hefur áður túlkað þessa grein þannig að fjölmiðlum sé ekki einungis rétt heldur einnig skylt að taka við upplýsingum og miðla þeim,“ segir Steingrímur.

## Kvartaði undan öllu og engu

Forsaga þessa máls er sú að beggja vegna við áramótin 2010-2011 skrifaði Þór Jónsson greinaflokk um ásakanir tveggja systra, Ingibjargar Þ. og Sigurlínu Ólafsdætra, á hendur Ægi Geirdal um að hann hefði brotið gegn þeim kynferðislega á barnsaldri. Um þetta leyti fóru fram kosningar til stjórnlagapings, þar var Ægir í framboði og umfjöllunin spratt af því.

„Svo kom hefðbundin meiðyrðakæra þar sem umfjöllunarefnið, það er Ægir Geirdal, kvartaði undan öllu

og engu. Var þess krafist að tiltekin ummæli væru dæmd dauð og ómerk,“ segir Steingrímur um málhöfðunina. Þar var þess krafist að sex tilgreind ummæli um meint kynferðisbrot Ægis gegn systrunum yrðu dæmd dauð og ómerk. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Steingrím, ábyrgðarmann Pressunnar, af öllum ákæruatriðunum. Dómi í héraði var áfrýjað til Hæstaréttar sem var alveg á hinni línunni og dæmdi ritstjórnann til að greiða Ægi eina milljón króna.

## „Ekki fundinn sekur“

Í Hæstaréttardómnum sagði að sannlega yrðu þeir sem gæfu kost á sér til trúnaðarstarfa að þola og geta staðið undir opinberri umfjöllun um hæfni og traust. Slíkt réttlætti þó ekki að saka mætti einstakling um refsiverða háttsemi eins og gert hafi verið í umfjöllun um Ægi. Hann hefði hvorki verið fundinn sekur um neitt slíkt né lögregla rannsakað mál honum viðvíkjandi. Að gengnum dómi Hæstaréttar vísaði Steingrímur málinu til MDE í Strassburg í Frakklandi. Niðurstaðan þar, sem kom nú á útmánuðum, var sú að rök íslensku dómstólanna væru gild að því leyti að málinu væri réttilega beint að ritstjóranum þar sem nafn blaðamannsins hafði ekki verið birt með greinunum. Ekki hefði þó verið tekið nægt tillit til jafnvægisins sem yrði að vera milli réttarins til einkalífs og tjáningarfrelsis.

„Og það er aðalatriði þessa máls. Héraðsdómur var sammála okkur en Hæstiréttur snéri öllu á hvolf. Dæmdi mig sem ritstjóra til greiðslu bóta fyrir að bregðast eftirlitsskyldu minni með

því sem birtist í fjölmiðlinum. Nú liggur fyrir að ég sem ritstjóri brást ekki skyldu minni, hvað sem Hæstarétti finnst. Við skulum ekki gleyma því að hann þurfti að hafa mikið fyrir því að snúa sýknudómi Héraðsdóms. Dómur í héraði var í takt við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, en Hæstiréttur neitar að læra sína lexíu. Þetta er í fimmta sinn sem mannréttindadómstóllinn segir að Hæstiréttur brjóti gegn tjáningarfrelsi manna,“ segir Steingrímur.

## Staða á opinberum vettvangi

Þegar Þór Jónsson skrifaði greinar sínar um ávirðingarnar gegn Ægi Geirdal höfðu þeir Steingrímur samráð um efnistöð og framsetningu. Þeir vissu líka sem var að efnið væri viðkvæmt og því mikilvægt að stíga ekki feilspor. Málið hefði líka verið lagt þannig upp að fréttirnar væru algjörlega í samræmi við siðareglur og dómaframkvæmd MDE.

Sömuleiðis tiltekur Steingrímur að Þór hafi kunnað vel til verka. Hafi langa blaða- og fréttamannsreynslu og sé einnig vanur umfjöllun um viðkvæm málefni. Megi þar með annars nefna fréttir hans um ásakanir gegn Ólafi Skúlasyni, biskup, á sínum tíma. Þær hafi staðist alla skoðun.

„Systurnar Ingibjörg og Sigurlína höfðu birt ásakanir sínar á sérstakri vefsíðu, sem var öllum aðgengileg, og Ægir var í framboði til stjórnlagapings. Sem slíkur hafði hann tekið sér stöðu á opinberum vettvangi og varð að þola nærgöngulli umfjöllun um sig en aðrir. Þetta mál var mikið rætt okkar í millum, daglega í langan tíma



Steingrímur Sævarr Ólafsson.

og vandað vel til verka, enda vissum við að þetta var eldfimt og viðkvæmt,“ segir Steingrímur. Hann minnir líka á hvaða aðstæður voru uppi í samfélaginu þegar fréttir þessar voru birtar. Fyrir dyrum hafi staðið kosningar til stjórnlagabings, sem í hugum margra hafi verið þáttur í endurreisn landsins eftir bankahrunið.

## Enginn gegn lögum og góðum siðum

„Umræðan var á þann veg að á stjórnlagabing ætti enginn erindi sem gerst hefði brotlegur gegn lögum og góðum siðum. Mannréttindadómstóll Evrópu segir í dómi sínum að umfjöllun Pressunnar hafi verið réttlæt看leg, alls ekki einhliða og sett fram í góðri trú eftir rannsókn á trúverðugleika systranna eins og hægt sé að ætlast til af blaðamanni. Ásakanirnar komu ekki fram í fyrsta sinn í tengslum við

framboð Ægis Geirdals, þótt þær hefðu verið gerðar opinberar á vefsíðu systranna þá. Þær höfðu áður reynt að vekja athygli fjölskyldu sinnar og opinberra aðila á þeim án þess að það bæri viðunandi árangur að þeirra mati.“

Það fer ekki milli mála, segir Steingrímur, að í umfjöllun um fortíð og feril frambjóðenda, hverjar sem kosningarnar eru, þá ristir dýpra en annað að tiltaka meint kynferðisafbrot. Slíkt er einfaldlega mun alvarlegra en að fjallað sé um fjármálasögu viðkomandi, hugsanleg minniháttar lögbrot, hvort eitthvað sé ofsagt um feril eða prófgráður og svo framvegis. Kynferðisbrot séu mjög alvarleg að almannaalíti, þannig að blaðamaður þurfi að vanda sig mjög.

## Dómarar haldnir meinloku

„Mannréttindadómstóllinn bendir líka

á að nauðsynlegt sé í lýðfrjálsu samfélagi að ræða mein af þessu tagi. Pressan gerði þar skyldu sína, uppfyllti þær væntingar sem hægt er að gera til fjölmiðils. Það er niðurstaða Mannréttindadómstólsins. Áfellingdómur Hæstaréttar yfir umfjöllun okkar var einfaldlega rangur. Mér sýnist íslenskir hæstaréttardómarar haldnir meinloku í málum er snúa að umræðufrelsi og þann mótþróa verða dómarar við réttinn að útskýra,“ segir Steingrímur. Hann kveðst líka afar sáttur með að þessu máli sé nú lokið með sigri sínum samkvæmt niðurstöðu MDE.

„Prinsippmálið er leyst og niðurstaða fengin. Hæstiréttur kvað enn og aftur upp rangan dóm, andstæðan tjáningarfrelsinu. Jónas Fr. Jónsson, lögmaður minn, lagði mikið á sig til að tryggja að málinu yrði skotið til Mannréttindadómstólsins með vönduðum hætti og honum er ég þakklátur,“

segir Steingrímur sem finnst dómurinn góði leiða af sér áhugaverðar spurningar um fjölmiðla almennt. Ræða þurfi oft en nú er hvort umfjöllun um viðkvæm málefni eigi erindi við almenning og hvort nauðsynlegt sé í lýðræðislegu samfélagi að takmarka tjáningarfrelsi í nafni einkalífsvendrar.

## Þagga niður umræðu

„Blaðamaður þarf m.a. að spyrja sig hvort viðkomandi sé opinber persóna eða hafi beint kastljósinu að sjálfum sér. Ef svo er kann slíkt að réttlæta að fjallað sé um til dæmis refsivert athæfi manna fyrir margt löngu. Blaðamaðurinn þarf að sinna sannsóknarvinnu sinni vel og kanna sannleiksgildi frásagna og varast einhliða fréttaflutning. Það vekur líka athygli í dómi Mannréttindadómstólsins að hann telur Hæstarétt hafa stuðlað að því að þagga niður í opinberri umræðu fjölmiðla um kynferðisbrot,“ segir Steingrímur að síðustu.

*Viðtal og mynd:  
Sigurður Bogi Sævarsson*

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ:

## Fagleg vinnubrögð mikilvæg

„Dómur Mannréttindadómstólsins er mikið fagnaðarefni og undirstrikar enn og aftur mikilvægi faglegra vinnubrögða í blaðamennsku þegar fjallað er um vandmeðfarin mál,“ segir Hjálmar Jónsson, formaður BÍ. „Það er full ástæða til að óska Steingrími til hamingju með niðurstöðuna. Sú þrautseigja sem hann hefur sýnt í þessu máli er aðdáunarverð og er okkur öllum, sem berum hagsmunum vandaðrar blaðamennsku fyrir brjósti, til eftirbreytni.“

Hjálmar segir einnig að því miður sé niðurstaða Mannréttindadómstólsins enn einn áfellsdómurinn yfir skilningi Hæstaréttar Íslands á



lömálum faglegrar blaðamennsku og mikilvægi tjáningarfrelsins fyrir lýðræðið. Líðin tíð og fyrri dómur Mannréttindadómstólsins beri þeirri staðreynd sorglegt vitni og undirstriki mikilvægi þess að Hæstiréttur tileinki sér ný viðhorf í þessum efnunum og láti tjáningarfrelsið njóta vafans.

Þá sé það athyglisvert að í dómi Mannréttindadómstólsins nú sé vitnað í fyrri mál hérland sem unnist hafi fyrir dómstólnum, þ.e. mál þeirra Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur, auk fjölda annarra fordæma frá nágrannalöndunum í Evrópu. Hæstiréttur hafi það þannig ekki sér til afsökunar að þessi viðhorf séu ný af nálinni.

## Skilaboð MDE til blaðamanna um það sem hafa þarf í huga

1. Fréttafnið þarf að eiga erindi við almenning
2. Sá sem fjallað er um þarf að vera opinber persóna
3. Hafa þarf jafnvægi í umfjöllun og gæta þess að hlutföll og framsetning séu í takt við vægi einstakra atriða
4. Tryggja þarf nákvæmni í staðreyndum og ganga úr skugga um, eftir því sem nokkur kostur er, að rétt sé farið með
5. Gæta þess að þau sjónarmið sem skipta máli komi fram

# Gagnlegt Pressukvöld!

Seinni hlutann í febrúar var haldið Pressukvöld í Blaðamannaklúbbnum, sal Blaðamannafélags Íslands. Yfirskrift kvöldsins var: „Rannsóknin á hvarfi Birnu Brjánsdóttur – Samstarf og samskipti við fjölmiðla. Hvernig hjálpuðu fjölmiðlar til við málið og hvað hefði mátt fara betur?“ Samstarf lögreglu og blaðamanna í þessu máli voru að margra mati til fyrirmyndar og sköpuðust fjörugar umræður á fundinum sem reyndist afar farsæll og árangursríkur öllum aðilum. Að þessu sinni var fundurinn fyrst og fremst ætlaður starfandi blaðamönnum, en alla jafna eru pressukvöldin opin öllum. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn í rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, komu fyrir hönd lögreglunnar á Pressukvöldið og fóru yfir rannsóknina á hvarfi og andláti Birnu Brjánsdóttur og þátt fjölmiðla í málinu. Helga Arnardóttir var fundarstjóri en hér á síðunni má sjá svipmyndir frá fundinum. Myndirnar tók Júlíus Sigjónsson.



# Tilnefningar dómnæfndar

Dómnæfnd Blaðamannaverðlaunanna tilkynnir viku fyrir verðlaunaafhendingu um þrjár tilnefningar sínar til verðlauna í hverjum af þeim fjórum flokkum sem verðlaunin ná til en flokkarnir eru: Besta umfjöllun ársins 2016; Viðtal ársins 2016; Rannsóknarblaðamennska ársins 2016; Blaðamannaverðlaun ársins 2016.

Þau sem tilnefnd voru af dómnæfnd í flokkunum fjórum eru eftirfarandi:

## Viðtal ársins

### Auður Ösp Guðmundsdóttir, DV.

Fyrir viðtal við Margréti Fenton um örlög dóttur hennar, Söndru Sigrúnar, sem afplánar nú 37 ára fangelsi fyrir vopnuð rán í Bandaríkjunum.

### Helgi Seljan, Kastljósi RÚV.

Fyrir viðtal við hjónin Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur og Karl Olgeirsson um barnsmísi sem þau urðu fyrir vegna mistaka í fæðingu á Landspítalanum.

### Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Stundinni.

Fyrir viðtal við Berglindi Ósk Guðmundsdóttur sem segir sögu systur sinnar, Kristínar Gerðar, sem svipti sig lífi eftir áralanga baráttu við eiturlyfjafíkn og afleiðingar misnotkunar.

## Rannsóknarblaðamennska ársins

### Hörður Ægisson, DV.

Fyrir umfjöllun um milljarða bónusgreiðslur slitastjórna Kaupþings og ALMC sem greiddar voru í kjölfar nauðasamninga og samninga um stöðugleikaframlag.

### Tryggvi Aðalbjörnsson, RÚV.

Fyrir umfjöllun um brot Brúneggja ehf. gegn dýravernd og svik við neytendur og máttleysi eftirlitsstofnana til að takast á við brotin.

### Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum.

Fyrir fréttaskýringar um skiptingu auðs á Íslandi og misskiptingu gæða þrátt fyrir lítinn launamun í alþjóðlegum samanburði.

## Umfjöllun ársins

### Guðrún Hálfánardóttir, Mbl.is.

Fyrir fréttaskýringar um Sýrland, vaxandi þjóðernishyggju í tengslum við flóttamenn þaðan og lítinn áhuga ráðamanna í Evrópu á að taka á móti þeim.

### Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, Stöð 2.

Fyrir þáttaröðina *Leitin að upprunum* sem segir sögu þriggja ættleiddra kvenna og árangursríka eftirgrennslan landa á milli um rætur þeirra.

### Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu.

Fyrir fréttaröð um náttúruperluna Mývatn, þar sem mengun, líkast til af mannavöldum, er margfalt yfir viðmiðum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar.

## Blaðamannaverðlaun ársins

### Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, RÚV.

Fyrir skilmerkilega umfjöllun um íslensk stjórnmal og vandaðar fréttaskýringar af störfum Alþingis, ekki síst á tímum pólitísku óróa.

### Jóhannes Kr. Kristjánsson, Reykjavík Media.

Fyrir ítarlegar rannsóknir á þeim hluta Panamaskjalanna sem vörðuðu íslenska hagsmuni og umfjöllun, í samstarfi við aðra miðla, um mikil viðskipti í skattaskjólum.

### Ragnar Axelsson og Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu.

Fyrir áhrifamikla umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga á Norðurslóðum og sérstaklega hvernig þær breyta lífinu á tundraum Síberíu.



# Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Tryggvi Aðalbjörnsson, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Jóhannes Kr. Kristjánsson fengu Blaðamannaverðlaun BÍ fyrir árið 2016, í fjórum mismunandi verðlaunaflokkum.

## Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Stundinni,

fékk verðlaun í flokknum **Viðtal ársins 2016** fyrir viðtalið **Engillinn sem villtist af leið**.

Í rökstuðningi dómnefndar segir:

„Viðmælandinn, Berglind Ósk Guðmundsdóttur, rekur örlög systur sinnar, Kristínar Gerðar, sem svipti sig lífi eftir langa og harða baráttu við eiturlyfjafíkn og geðsjúkdóma. Í kjölfar misnotkunar í æsku leiddist Kristín Gerður út í vændi og árum saman glímdi hún við afleiðingar þess; yfirþyrmandi angst, vonleysi og hræðslu.“

Ingibjörg Dögg nálgast vandmeðfarinn efnivið af nær-gætni og fagmennsku. Hún nær góðu sambandi við viðmælanda sinn og dýpkar frásögnina með heimildavinnu. Þannig styðst Ingibjörg Dögg meðal annars við dagbókarfærslur hinnar látnu systur og nafnlaus viðtöl sem Kristín Gerður veitti í lifanda lífi.

**Engillinn sem villtist af leið** er áminning um hversu erfitt það er að komast út úr svo erfiðum aðstæðum, hve litla aðstoð er að fá og hvernig kerfið brást Kristínu Gerði á ögurstundu.“

## Tryggvi Aðalbjörnsson, RÚV,

fékk verðlaunin í flokknum **Rannsóknarblaðamennska ársins 2016** fyrir umfjöllun sína um Brúnegg.

Í rökstuðningi dómnefndar segir:

„Tryggvi fletti ofan af einu stærsta neytenda- og dýravelferðarmáli undanfarinna ára með umfjöllun sinni um illa meðferð á varphænsnum hjá Brúneggjum. Mánuðum saman safnaði Tryggvi miklum upplýsingum frá Matvælastofnun sem sýndu margítrekuð brot Brúneggja á lögum um velferð dýra og reglugerð um velferð alifugla. Einnig sýndu gögnin hvernig neytendur hafa verið blekktir árum saman með merkingum Brúneggja um vistvæna framleiðslu, þrátt fyrir að hafa aldrei uppfyllt reglur um slíkt. Af þessu vissi Matvælastofnun, en upplýsti ekki.“

Eftirlitsstofnanir eru mikilvægar stofnanir í nútímasamfélagi en til þess að þær virki sem skyldi þurfa þær að hafa bit þegar á þarf að halda. Það er hlutverk fjölmiðla að upplýsa almenning um brotalamir fyrirtækja og blekkingar. Það er ekki síður mikilvægt að fjölmiðlar upplýsi um máttleysi eftirlitsstofnana þegar þær bregðast, svo hægt sé að krefjast úrbóta.“

## Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, Stöð 2,

fékk verðlaunin í flokknum **Umfjöllun ársins 2016** fyrir þáttaröðina **Leitin að uppruninum**.

Í rökstuðningi dómnefndar segir:

„Sigrún uppfyllti ósk þriggja ættleiddra kvenna um að hitta líffræðilegar mæður sínar. Um leið gaf hún landsmönnum einstakt tækifæri til að upplifa tilfinningaríka endurfundi eftir áratuga aðskilnað.“

Það sýnir metnað að ráðast í leitina og elju að árangur náðist, enda margra mánaða undirbúningur að baki og vinna sem margir hefðu talið óvinnandi verk. Vandað var til þáttanna og útsjónarsemi sýnd í rannsókn sem náði til ólíkra landa, þar sem fátækrahverfi Srí Lanka og fjallaborp í Tyrklandi komu við sögu. Upplifun kvennanna var reifuð af virðingu og náðust myndir af einstökum augnablikum í lífi þeirra.

Leit Sigrúnar Óskar að uppruna kvennanna sýnir að blaðamenn geta af litlum efnum áorkað miklu. Verkefnið á sér ekki hliðstæðu hér á landi og er **Leitin að uppruninum** besta umfjöllun ársins.“

## Jóhannes Kr. Kristjánsson, Reykjavík media,

fékk verðlaunin í flokknum **Blaðamannaverðlaun ársins 2016** fyrir ítarlega rannsókn á Panama-skjölunum.

Í rökstuðningi dómnefndar segir:

„Birting Panama-skjalanna á síðasta ári olli gífurlegu umröti hér á landi. Hér urðu ein mestu mótmæli sem um getur, forsætisráðherrann varð að segja af sér, efnt var til þingkosninga fyrr en áætlað var og ný stjórn tók við völdum.“

Jóhannes vann einn í margra mánuði í samvinnu við erlenda rannsóknarblaðamenn að rannsókn á Panama-skjölunum sem margir helstu fjölmiðlar heims birtu fréttir upp úr á sama tíma. Við úrvinnslu fréttanna naut hann samvinnu við sænska sjónvarpið, RÚV, Kastljós, Stundina, Kjarnann og Fréttatímamann, sem birtu fjölmargar fréttir byggðar á Panama-skjölunum og frumvinnu Jóhannesar. Auk þess fékk hann Aðalsteinn Kjartansson til liðs við sig stuttu fyrir Kastljós-þáttinn fræga. Allt þetta byggði á vandadri blaðamennsku, samvinnu margra fjölmiðla og fyrst og fremst mikilli undirbúningsvinnu.

Jóhannes hefur um áraradír lagt stund á rannsóknarblaðamennsku, sótt fjölmargar ráðstefnur og fundi um efnið og byggt upp tengslanet sem leiddi til þessara fréttanna.“

# Ávarp vegna Blaðamanna- verðlaunanna 2016

**Hér á eftir fer ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar Blaðamannaverðlauna, sem flutt var við afhendingu verðlaunanna í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. mars 2017.**

*Forseti Íslands, ágætu félagar, aðrir góðir gestir.*

Til hamingju með daginn og velkomin á þessa uppskeruhátíð Blaðamannafélags Íslands, veitingu Blaðamannaverðlaunanna fyrir árið 2016.

Okkur telst til að þetta sé í 15. skipti sem Blaðamannaverðlaunin eru afhent.

Verðlaunin hafa dafnað og þroskast með hverju árinu, og á síðasta ári var svo komið að tillögur að tilnefning-

um höfðu eiginlega vaxið dómnefnd yfir höfuð, slíkur var fjöldinn sem nefndin fékk úr að mæta. Í kjölfarið var þeirri ósk beint til forráðamanna fjölmiðla að forvelja innsendar tillögur með gagnrýnni hætti.



*Björn Vignir Sigurpálsson.*

Það er skemmst frá því að segja að brugðist var vel við þessum óskum, tillögum fækkaði nokkuð, svo að yfirferð dómnefndar varð mun markvissari. Jafnframt reyndist síðasta ár viðburðaríkt í meira lagi svo að úr sterkari kandiötum var að velja sem í senn auðveldaði dómnefnd val sitt á sama tíma. En svona sterkir kandidatar gátu auðvitað líka ýtt undir valkviða og flækt málin

Upphaflega voru veitt verðlaun í þremur flokkum, fyrir Rannsóknarblaðamennsku ársins, þá Umfjöllun ársins og Blaðamannaverðlaun ársins. Fyrir fáeinum árum var bætt við fjórða flokknum Viðtal ársins, sem greinilega var ekki vanþörf á vegna

þess fjölda sem sækist eftir tilnefningum í þann flokk.

Það segir sig sjálft að í samkeppni af þessu tagi verður aldrei full eining um tilnefningar og endanleg verðlaun í hinum fjórum flokkum. Dómnefnd vinnur af heilindum svo sem framast er kostur, af sannfæringu og á lýðræðislegan hátt. Hún verður að sæta því að fá gagnrýni á störf sín og gerir ekki athugasemdir við það. Slíkt sýnir fyrst og fremst að verðlaunin og tilnefningarnar skipta fjölmiðlafólki máli, og að þau hafa skipað sér þann sess og tilgang sem þeim var ætlað í upphafi – að efla faglegan metnað og vinnubrögð blaðamanna og fjölmiðlafólks.

Sá sem hér stendur er formaður dómnefndar og ég heiti Björn Vignir Sigurpálsson. Félagar mínir í nefndinni verða kynntir þegar þeir stíga hér fram til að veita verðlaunin í einstökum flokkum. Fullkomið jafnræði er á milli allra þessara flokka. Þá er rétt að ítreka að nefndarmenn gættu eins og endra nær að hæfi sínu eða vanhæfi hvenær sem ástæða þótti til.

Og nú vil ég biðja félaga mín í nefndinni, Arndísi Þorgeirsdóttur, Gunnhildi Örnú Gunnarsdóttur, Kára Jónasson og Svanborgu Sigmarsdóttur að annast verðlaunaafhendinguna og lesa rökstuðninginn fyrir verðlaunaveitingu í einstökum flokkum.



Tryggvi Aðalbjörnsson, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Jón Grétar Gissurarson, sem var klippari í þáttum Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur.

# Blaðaljósmynda- verðlaun 2016

**Hér á eftir fer ávarp Sigrúnar Ölbu Sigurðardóttur, sem hún flutti fyrir hönd dómnefndar Blaðaljósmynda-  
verðlaunanna.**

*Forseti Íslands, kæru blaðaljósmyndarar, blaðamenn og aðrir gestir!*

Líf einstaklingsins mótast ekki aðeins af tilfinningum hans, persónuleika, draumum og athöfnum – heldur ekki síður af hegðun samferðafólks hans, samfélagsgerðinni sem hann er hluti af og ákvörðunum stjórnmalá-  
manna og annarra valdhafa. Einstaklingurinn er hluti af ákveðnu kerfi og lætur stjórnast af því en hefur á sama tíma ákveðið vald yfir því hvernig hann vinnur úr aðstæðum sínum; hverjum hann tengist, hvernig hann kemur öðrum fyrir sjónir, hvað hann

hugsar og hvernig hann fylgir draumum sínum og ákvörðunum eftir.

Eins og þið munið sjá nú á eftir er blaðaljósmynd ársins bæði lýsandi fyrir stöðu Íslands og ástand heimsins í dag en líka fyrir stöðu einstaklingsins í þessum heimi, vald hans til að hafa áhrif og láta gott af sér leiða en líka þær takmarkanir og frelsisskerðingu sem við honum blasir.

Blaðaljósmynd ársins fjallar líka um stöðu okkar sem áhorfenda og hlutverk okkar sem verðum vitni að afgerandi augnablikum í lífi annarra einstaklinga. Fréttaljósmyndir vekja okkur ekki að-

eins til umhugsunar um það hvort við eigum að segja frá heldur hvernig og hvers vegna við eigum að segja frá.

Blaðaljósmyndir eru af ýmsu tagi. Þær geta sagt sögur, flutt fréttir, varpað ljósi á bæði einstaklinga og atburði og fengið okkur til að hugsa um veruleikann og hversdagslífið í nýju ljósi.

Hér á eftir verða veitt verðlaun fyrir bestu myndina í sjö flokkum: fréttamynd ársins, myndaröð ársins, íþróttamynd ársins, umhverfismynd ársins, portrett ársins, tímaritsmynd ársins og besta myndin í flokknum daglegt líf.



*Sigrún Alba Sigurðardóttir.*

Auk þess verður ljósmynd ársins valin úr öllum þessum flokkum.

Í dómnefnd blaðaljósmyndarafélagsins 2016 sátu sjö manns. Yfirdómari var Ása Sjöström, margverðlaunaður sænskur ljósmyndari. En auk hennar sátu í dómnefnd ljósmyndarnir Bára Kristindóttir, Bragi Þór Jósefsson, Brynjar Gauti Sveinsson, Saga Sig og Sigurður Ólafur Sigurðsson, auk mín en ég starfa sem fræðimaður á sviði ljósmyndarannsókna og er lektor í menningarfræði við Listaháskóla Íslands. Þeir ljósmyndarar sem sitja í dómnefnd koma úr ólíkum áttum og hafa unnið á ólíkum sviðum ljósmyndunar en eiga það þó allir sameiginlegt að hafa mikla reynslu og innsýn í fjölbreyttan heim blaðaljósmyndunar.

Við í dómnefndinni fórum yfir allar innsendar myndir, um 900 ljósmyndir frá um 40 ljósmyndurum, skiptum okkur í hópa og ræddum einstaka myndir fram og til baka þar til við sátum að lokum uppi með 109 myndir, sem við völdum inn á sýninguna. Verðlaunamyndir voru síðan valdar í hverjum flokki fyrir sig. Oft á tíðum reyndist erfitt að velja á milli einstakra mynda en eftir ítarlegar umræður náðist að lokum góð sátt um verðlaunamynd í hverjum flokki. Í ákveðn-

um tilvikum ríkti mikil samstaða og þannig reyndist ekki erfitt að velja þá mynd sem hér á eftir hlýtur útnefninguna blaðaljósmynd ársins.

Áður en komið er að afhendingu verðlauna fyrir ljósmyndir í einstökum flokkum og fyrir ljósmynd ársins langar mig að ítreka mikilvægi þessara verðlauna sem einu sinni á ári beina sjónum samfélagsins að því hversu gífurlega mikilu máli góðar

blaðaljósmyndir skipta. Ljósmyndir, ekki síður en texti, móta bæði skoðanir okkar og upplifun okkar af heiminum. Það skiptir ekki bara máli að segja frá heldur skiptir líka máli hvernig við segjum frá. Góðar blaðaljósmyndir dýpka skilning okkar, auka þekkingu okkar og fá okkur til að hugsa um hlutina í nýju ljósi. Framúrskarandi blaðaljósmyndir koma okkur á óvart og hafa áhrif.



Verðlaunahafar fyrir bestu ljósmyndir ársins 2016. F.v.: Heiða Helgadóttir, Kristinn Magnússon, Vilhelm Gunnarsson og Rut Sigurðardóttir.

## Sýningin Myndir ársins 2016

Við opnun árlegrar sýningar íslenskra blaðaljósmyndara í Ráðhúsinu í Reykjavík í byrjun mars voru ljósmyndurum veitt verðlaun fyrir bestu myndir ársins 2016. Veitt voru verðlaun í 7 flokkum og að þessu sinni var tímaritamynd ársins jafnframt valin Mynd ársins 2016. Hana tók Heiða Helgadóttir, sjálfstætt starfandi blaðaljósmyndari. Má segja að Heiða hafi verið sigurvegari ársins þar sem hún vann fern verðlaun af átta, fyrir mynd ársins, fréttamynd ársins, myndaröð ársins og daglegt líf mynd ársins.

Aðrir ljósmyndarar sem voru verðlaunaðir voru Kristinn Magnússon sem á bestu portrettmynd ársins, Vilhelm

Gunnarsson á Fréttablaðinu á bestu umhverfismynd ársins og íþróttamynd ársins og Rut Sigurðardóttir fékk verðlaun fyrir tímaritsmynd ársins.

Sjö dómamar völdu 109 myndir á sýninguna úr um 900 innsendum myndum blaðaljósmyndara. Þeir völdu þar að auki sigurmynd í hverjum flokki og mynd ársins. Dómnefndina í ár skipuðu Bára Kristinsdóttir, Brynjar Gauti Sveinsson, Sigurður Ólafur Sigurðsson, Saga Sigurðardóttir, Bragi Þór Jósefsson, Sigrún Alba Sigurðardóttir og Ása Sjöström, sem jafnframt var formaður dómnefndar.



# Verðlaunamyndirnar 2016



Ljósmyndari:  
Heiða Helgadóttir



## Ljósmynd ársins



Morteza Songolzadeh frá Íran þurfti að flýja heimaland sitt eftir að hann tók upp kristna trú. Hann kom til Íslands í ágúst 2015. Ári seinna fékk hann þær fréttir að það ætti að flytja hann úr landi á grundvelli Dyflínarreglugerðarinnar. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, stendur fyrir bænastund í Laugarneskirkju í hverri viku.



### Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndin miðlar sterkum tilfinningum og andrúmslofti sem sýnir bæði samhug og ótta. Ljósmyndarinn stendur í hópi áhorfenda en nær að fanga augnablikid og vekja okkur um leið til umhugsunar um stöðu fréttaljósmyndarans og ábyrgð hans. Ljósmyndin fangar vel stöðuna í íslensku samfélagi árið 2016 og minnir okkur á að við erum ekki einangruð eyja heldur hluti af alþjóðasamfélagi þar sem býr fólk af ólíkum uppruna. Ljósmynd ársins er því alþjóðleg á sama tíma og hún miðlar íslenskum veruleika.

## Fréttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Heiða Helgadóttir

*Tveir ungir hælisleitendur frá Íran voru dregnir út úr Laugarneskirkju í sumar með lögregluvaldi og sendir til Noregs. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, og Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur Laugarneskirkju, ákváðu að opna dyr kirkjunnar og veita hælisleitendum skjól um nóttina.*



### Umsögn dómnefndar:

Fréttaljósmynd ársins fjallar um atburð sem hefur alþjóðlega skírskotun og leiðir hugann að heimsmálunum en á sama tíma sýnir hún hvernig hlutverk hins almenna borgara hefur breyst. Ljósmyndin veur okkur einnig til umhugsunar um það hvernig snjallsímar og samfélagsmiðlar hafa áhrif á miðlun fréttu í samtímanum og þannig um hlutverk blaðamanna og blaðaljósmyndara. Ljósmyndin miðlar „kaótísku“ augnabliki á áhrifaríkan hátt og í henni er mikil hreyfing og spenna. Þrátt fyrir að auga áhorfandans beinist fyrst að drengjum sem verið er að bera niður tröppurnar eru mörg smáatriði í myndinni sem hægt er að dvelja lengi við. Myndbyggingin er einstaklega góð, ljósmyndin faglega unnin og áhrifin því sterk.

## Tímaritsmynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Rut Sigurðardóttir



*Ballettæær.*



### Umsögn dómnefndar:

Tímaritsmynd ársins sýnir líf ballettdansara í óvenjulegu ljósi sem stangast á við þá fögru og tignarlegu mynd sem vanalega er dregin upp af dönsurum. Sárir og aumir fætur eru hluti af lífi dansarans og í tímaritsmynd ársins birtist sá kaldri raunveruleiki okkur. Þetta er óvenjuleg tímaritsmynd en á sama tíma einstaklega áhugaverð og nýtir vel þá frásagnarmöguleika sem miðillinn býr yfir.

## Daglegt líf



### Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir

Ingibjörg Sölvadóttir, 28 ára rennismiður, tók þátt í móðelfitness í fyrsta skipti.

Hún undirgekkst harðar æfingar, strangt mataræði og einangrun til að stíga á svið einn dag. Fyrir keppnina eru keppendur mældir og vigtaðir og keppnisfötin tekin út svo allt sé í samræmi við reglur.



### Umsögn dómnefndar:

Á ljósmyndinni sjáum við karlmann mæla unga konu sem er þátttakandi í fitness-keppni. Ljósmyndin vekur upp fjölda spurninga um það hverjir það eru sem hafa vald yfir líkama annarra og hvernig við leitumst við að ná fullkomnu valdi á eigin líkama. Í íslensku samfélagi undirgangast konur alls kyns mælingar á líkama sínum og nota niðurstöðurnar til að leggja mat á árangur sinn. Þrátt fyrir að ljósmyndarinn sé gagnrýnn í nálgun sinni sýnir hann viðfangsefninu virðingu og beitir ljósinu á ofurnæman hátt til þess að draga athygli ekki að líkama konunnar eingöngu heldur því stóra samhengi sem keppni af þessum toga er hluti af.

## Íþróttamynd ársins



### Ljósmyndari:

Vilhelm Gunnarsson

Leikmennirnir tryllast eftir 2-1 sigur á Englandi í sextán liða úrslitum á EM.

### Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndarinn fangar hér augnablik þar sem leikmenn íslenska landsliðsins deila einlægri gleði sinni með áhorfendum og íslensku þjóðinni. Myndin er skemmtilega upp byggð og sjónarhorn ljósmyndarans beinir athyglinni að sambandi leikmanna landsliðsins við aðdáendur sína, bæði þá sem standa fyrir framan leikmenn í stúkunnni og þá sem verða að treysta á fjölmiðla til að geta tekið þátt í gleðinni.

## Portrettmynd ársins



Guðni Th. Jóhannesson áður en hann var kjörinn forseti Íslands.



**Ljósmyndari:**  
Kristinn Magnússon




### Umsögn dómnefndar:

Portrett ársins sýnir einn valdamesta mann landsins á mjög næman og tilfinningaríkan hátt. Ljósmyndarinn beitir birtunni markvisst til að draga fram viðkvæmni í andlitsdráttum og leggur þannig áherslu á að Guðni Th. Jóhannesson er ekki aðeins forseti landsins heldur einnig einstaklingur sem á sér líf utan embættisins. Ljósmyndarinn sækir hér augljóslega í arfleifð Jóns Kaldals hvað varðar mynduppbyggingu en gerir það á áhugaverðan og skapandi hátt og tekst þannig að gera ljósmyndina tímalausa og klassíska. Ljósmyndin af Guðna Th. Jóhannessyni hefur alla burði til að verða íkonísk mynd af forseta Íslands árið 2016, forseta sem sækir í hefðina en horfir jafnframt fram á við.

## Umhverfismynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Vilhelm Gunnarsson



Esjan í vetrarskrúða.



### Umsögn dómnefndar:

Umhverfismynd ársins er af Esjunni. Ljósmyndin sýnir okkur hið gamalkunna í óvenjulegu ljósi og minnir okkur um leið á að íslensk náttúra er ekki aðeins fögur heldur jafnframt kraftmikil og óútreiknanleg. Ljósmyndin fangar vedrabrigði á íslenskum vetrardegi og minnir okkur á að náttúran er stærri og kraftmeiri en við sjálf. Þannig hvetur ljósmyndin okkur til að umgangast náttúruna af virðingu og ákveðinni undirgefni. Ljósmyndin fær okkur til að horfa á náttúruna á nýjan hátt og sjá meira.

## Myndaröð ársins



Morteza Songolzadeh frá Íran þurfti að flýja heimaland sitt eftir að hann tók upp kristna trú. Hann kom til Íslands í ágúst 2015. Ári seinna fékk hann þær fréttir að það ætti að flytja hann úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.



**Ljósmyndari:**  
Heiða Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Í myndaröðinni segir ljósmyndarinn sögu hæliseitanda af einstakri næmni og frásagnaraðferðin er eftirtektarverð, farið er milli opinberra rýma þar sem ljósmyndarinn fylgist með úr fjarlægð og inn í persónulegt rými þar sem tilfinningalegt umrót mannsins er fangað á varfærinn hátt. Ljóst er að mikið traust hefur skapast milli ljósmyndarans og viðfangsins sem sagan fjallar um og lýsa myndirnar bæði hlýju og skilningi án þess þó að vera of tilfinningaríkar. Ljósmyndarinn er nærverandi án þess að vera uppþrengjandi. Í myndaröð ársins er tekist á við aðkallandi efni í samtímanum og með því að fanga spennuþrungna atburði í lífi einstaklingsins vekur ljósmyndarinn upp aðkallandi spurningar um stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi. Ljósmyndaserían hlaut sérstakt lof dómnefndar fyrir að vera vel ritstýrð og fyrir að nýta frásagnarmöguleika ljósmyndarinnar á eftirtektarverðan hátt.

# Siðareglur BÍ

**Í starf sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.**

## 1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

## 2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er lítið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

## 3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

## 4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill, krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

## 5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í

myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

## 6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu, enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærumál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu. Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- ámælisvert
- alvarlegt
- mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félags tíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan. Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði. Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

# Fréttablaðið ekki brotlegt

Mál nr. 512015-2016

**Kærandi:**

Skúli Magnússon f.h. Dómarafélags Íslands,

**Kærði:**

365 miðlar/Fréttablaðið.

**Kæruefni:**

Dómarafélag Íslands kærir ætlað brot Fréttablaðsins gegn síðareglum Blaðamannafélags Íslands með því að birta, í útgáfu sinni föstudaginn 5. febrúar sl. á bls. 4, fyrirsögnina „Laun hækkuðu um 38% í fyrra“. Er vísað til þess að umrædd fyrirsögn hafi verið röng eða villandi og að starfsmönnum Fréttablaðsins hafi mátt vera þetta vel ljóst. Telur kærandi þetta fela í sér brot gegn 3. gr. Síðareglna Blaðamannafélags Íslands. Þá er á því byggt að viðbrögð ritstjórnar blaðsins við beiðni um leiðréttingu hafi verið ófullnægjandi og sem slík falið í sér sjálfstætt brot gegn umræddri grein.

**Málsmeðferð:**

Kæra Dómarafélags Íslands barst Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands 16. febrúar 2016. Kallað var eftir sjónarmiðum 365 miðla/Fréttablaðsins í kjölfarið sem bárust 2. mars 2016. Málið var tekið fyrir formlega á fundum síðanefndar hinn 15. mars og 19. apríl 2016. Friðrik Þór Guðmundsson sagði sig frá málinu vegna vanhæfis og kom Valgerður Anna Jóhannsdóttir inn í nefndina í hans stað.

**Málavextir:**

Í kæru rekur Skúli Magnússon, formaður kæranda, að Fréttablaðið hafi

fjallað fyrst um launahækkanir dómara í frétt 31. desember 2015, einkum með vísan til úrskurðar kjararáðs 17. desember sl. undir fyrirsögninni: „Dómarar fá tuga prósentu launahækkun.“ Þótt Skúli teldi fyrirsögn fréttarinnar villandi var ekki talin ástæða til að gera athugasemdir fyrr en aðrir fjölmiðlar fóru ítrekað að vísa til fréttarinnar. Fréttablaðið hafi hins vegar ekki látið við þetta sitja heldur birt 5. febrúar sl. að nýju frétt sem vísað til úrskurðar kjararáðs 17. desember sl. Enn einu sinni hafi verið ranglega gefið í skyn að dómarar hefðu fengið launahækkanir sem numið hefðu tugum prósentu, nú með afdráttarlausri fyrirsögn: „Laun hækkuðu um 38% í fyrra“. Í undirfyrirsögn sagði svo: „Eftirlaun dómara hækkuðu um alls 38% í fyrra með tveimur ákvörðunum kjararáðs. Meðalhækkun eftirlauna hjá ríkinu var 11,8%. Sanngjörn og eðlileg hækkan, segir formaður Dómarafélagsins.“

Í kæru segir m.a.

„Í framhaldi af útgáfu blaðsins hafði undirritaður samband við ritstjórn blaðsins og lýsti þeirri skoðun sinni að fyrirsögn fréttarinnar hefði verið röng: laun dómara hefðu ekki hækkað um 38% síðastliðið ár, eins og raunar kæmi fram þegar fréttin væri lesin ofan í kjölinn. Var óskað eftir því að blaðið birti, eins fljótt og kostur væri, stutta grein undirritaðs þar sem þetta væri leiðrétt og málið (enn einu sinni) útskýrt. Rétt er að taka fram að ekki voru gerðar sérstakar efnislegar athugasemdir við aðra hluta fréttarinnar en sjálfa fyrirsögnina. Ritstjórn Fréttablaðsins viðurkendi samdægurs við undirritaðan að umrædd fyrirsögn hefði falið í sér mistök og var því lofað að birt yrði leiðrétting í

blaðinu næsta dag. Ekki var talið mögulegt að birta grein undirritaðs í blaðinu næsta dag. Hins vegar var boðið upp á að greinin yrði tafarlaust birt á visir.is. Undirritaður hafði skilning á þessu og vonaðist til að leiðrétting blaðsins næsta dag yrði fullnægjandi.

Í útgáfu Fréttablaðsins næsta dag, laugardaginn 6. febrúar sl., var hins vegar ekki að finna leiðréttingu af neinu tagi. Af þessu tilefni ritaði undirritaður tölvuskeyti til ritstjórnar Fréttablaðsins, þar sem fram kom ósk um að greinin af visir.is yrði birt í blaðinu nk. mánudag. Tölvuskeytinu var ekki svarað.

Í útgáfu Fréttablaðsins mánudaginn 8. febrúar sl. birtist svo „árétting“ Fréttablaðsins á þá leið að umrædd prósentutala hefði vísað til grunnlauna dómara en ekki hækkanar launa þeirra. „Áréttingunni“ var þannig komið fyrir í blaðinu að efast má um að margir hafi orðið hennar varir eða átt að sig á því hvað þarna var um að ræða.

Að svo komnu máli var ljóst að Fréttablaðið hugðist ekki leiðrétta fyrirsögn sína frekar. Jafnframt var ljóst að blaðið hugðist ekki birta sjónarmið undirritaðs frekar en gert hafði verið á visir.is.“

Kærandi kveðst telja að Fréttablaðið hafi ekki fullnægt skyldu sinni við að birta andsvör eða skýringar hans sem ljóst var að kom fram fyrir hönd þess hóps sem hagsmuni hafði af málinu. Vísað er til þess að blaðið fór hvorki fram á að áðurnefnd grein, sem óskað var birtingar á 6. febrúar sl., yrði stytt eða þá að í stað greinarinnar yrði tekið viðtal við einhvern fulltrúa dómara. Birting greinarinnar á visir.is fór lágt og kom t.a.m. ekki með neinum hætti fram á fréttahluta visir.is.

Síðan segir:

„Að mati undirritaðs fól sú „árétting“ sem birtist í blaðinu mánudaginn 8. febrúar sl. í sér ófullnægjandi leiðréttingu á rangri fyrirsögn blaðsins. Með „áréttingunni“ gekk ritstjórn blaðsins einnig bak orða sinna um að leiðréttu ranga fyrirsögn téðrar fréttar.“


Í greinargerð lögmanns 365-miðla/ Fréttablaðsins segir m.a. að þótt ritstjórn 365 sé ekki sammála túlkun kæranda á því hverjar hafi verið breytingar á launum dómara að undanfögnu, hafi ritstjórn 365 miðla veitt kæranda aðgang að miðlum félagsins, bæði með birtingu greina í Fréttablaðinu og á visir.is, þar sem hann kom túlkun og sjónarmiðum dómara á framfæri.

Kærandi hafi fengið birta grein eftir sig á visir.is sama dag og Fréttablaðið kom út, 5. febrúar, með fyrirsögninni sem kvartað var yfir. Árétting hafi síðan verið birt í Fréttablaðinu 8. febrúar, en vegna mistaka í umbroti ekki birst í blaðinu á umtöluðum tíma.

Eftir að frétt um launahækkunir dómara birtist 2. febrúar hafi kærandi haft samband og farið fram á að fá birta grein með athugasemdum um fréttina. Við því hafi verið orðið og greinin birst þann 3. febrúar á leiðarsíðu Fréttablaðsins.

Þá kemur fram að kvörtun kæranda hafi hafist eftir skrif Fréttablaðsins um kjaramál dómara bann 31. desember. Þann 7. janúar hafi verið tekið sérstakt viðtal við hann vegna málsins þar sem hann hafi reifað nákvæmlega með hvaða hætti launahækkunin var reiknuð. Komið hafi þar fram m.a. að álagsgreiðslur hefðu verið færðar inn í grunnlaun.

Enn fremur segir að ljóst megi vera að aðgangur kæranda að miðlum 365 hafi verið mjög mikill á alla mælikvarða. Tal formanns kæranda um að Fréttablaðið hafi ekki fullnægt skyldu sinni við að birta andsvör eða skýringar hans sé með öllu óskiljanleg og fráleitt að halda því fram að brotið hafi verið gegn 3. gr. siðareglanna. Ekki



hafi verið farið rangt með staðreyndir og eftir atvikum nánari útskýringar á fréttum birtar þegar þörf hafi verið talin á.

### Umfjöllun:

Kæruefnið varðar meint brot á 3. gr. siðareglna BÍ, annars vegar vegna rangrar eða villandi fyrirsagnar með frétt í Fréttablaðinu 5. febrúar sl. Þess efnis að „Laun hækkðu um 38% í fyrra“ og hins vegar að beiðni um leiðréttingu hafi verið ófullnægjandi.

Í gögnum málsins kemur fram að Fréttablaðið viðurkenndi samdægurs að mistök hafi orðið í fyrirsögn og brást við óskum um leiðréttingu með áréttingu, þó ekki fyrir mistök fyrr en mánudaginn 8. febrúar og var svohljóðandi: Áréttað skal að frétt blaðsins á föstudag „Launahækkun um 38%“, fjallaði eins og fram kemur í fréttinni um að eftirlaun dómara hefðu hækkað um 38% í fyrra.

Hins vegar er afrit af leiðarsíðu blaðsins 3. febrúar 2016 með aðsendri grein eftir Skúla Magnússon, formanns kæranda, **Af launahækkunum dómara**, þar sem hann gerir grein fyrir launahækkunum sem fjallað hefur verið um í fréttum Fréttablaðsins.

Að mati síðanefndar var fyrirsögn Fréttablaðsins ekki röng en hefði mátt vera nákvæmari, eins og Fréttablaðið/365 miðlar viðurkenna í sinni greinargerð. Fréttablaðið brást einnig strax við umkvörtunum kæranda og telst hafa uppfyllt leiðréttingarkvöð siðareglna, þótt áréttingin hafi fyrir mistök verið birt seinna en til stóð og hefði að ósekju mátt fá meira rúm í blaðinu.

### Úrskurður:

365 miðlar/Fréttablaðið teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

*Reykjavík, 19. apríl 2016*  
*Björn Vignir Sigurpálsson*  
*Hjörtur Gíslason*  
*Ásgeir P. Árnason*  
*Jóhannes Tómasson*  
*Valgerður Anna Jóhannsdóttir*

# Ekki brot á siðareglum

Mál 2 2016-2017

**Kærandi:**

Friðjón Sæmundsson f.h. Ferðamála-skóla Íslands.

**Kærðu:**

Útgefandi: Gunnar Smári Egilsson f.h. Fréttatímans. Ritstjórar: Gunnar Smári Egilsson og Þóra Tómasdóttir. Blaðamaður: Þóra Tómasdóttir.

**Kæruefni:**

Skrif Fréttatímans um málefni Ferðamála-skóla Íslands.

**Málsmeðferð:**

Með bréfi Elínar Árnadóttur hdl., dags. 8. ágúst 2016, barst siðanefnd kæra Friðjóns Sæmundssonar f.h. Ferðamála-skóla Íslands. Kæran var tekin fyrir á fundum siðanefndar 20. september, 11. október og 1. nóvember 2016.

**Málavextir:**

Umrædd kæra barst innan tilskilins kæru-frests frá birtingu hins kærða efnis. Áður hafði kærandi óskað skriflega eftir leiðréttingu við kærða. Skilyrði fyrir umfjöllun siðanefndar um kærana eru því uppfyllt.

Kæruefnið er ætlað brot á 3. gr. siðareglna Bláamannafélags Íslands með umfjöllun Fréttatímans hinn 10. og 18. júní 2016. Telur kærandi að blaðamaður hafi hvorki vandað upplýsingaöflun, úrvinnslu né framsetningu þess efnis sem kært er og tilgreind eru kæru efni í 26 liðum. Ekki hafi heldur verið forðast að valda kæranda óþarfa sársauka eða vanvirðu. Telur kærandi um hreinan atvinnurög að ræða og ætlunin hafi verið að gera lítið úr því námi sem Ferðamála-skóli Íslands bjóði upp á og stundað hafi verið um árabil. Hafi blaðamaðurinn ekki í neinu gætt hlutleysis. Skorað hafi verið á ritstjóra og ábyrgðarmann blaðsins með bréfi dags. 4. ágúst að leiðrétta rangfærslur sem fram hafi komið en þeirri umleitun hafi í engu verið sinnt.

Á fundi siðanefndar 20. september var ákveðið að óska eftir viðbrögðum Fréttatímans við kærna og búrast þau með bréfi Sigurðar Arnar Hilmarssonar hdl. dags. 6. október og var fjallað um málið á þremur fundum siðanefndar.

Í kæru efnum 26 er staðhæft að ákveðnar fullyrðingar blaðsins séu rangar, vísað sé til ónafngreindra aðila, ekki vitnað til fyrrverandi nemenda með nafni, dylgjað sé um hluti sem ekki standist og því mótmælt að látið sé að því liggja að stjórnendur Ferðamála-skóla Íslands vilji ekki gefa upplýsingar eða ræða við samkeppnis-

aðila. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu blaðsins að nemendur hafi greitt 380 þús. kr. fyrir sex mánaða nám við skólann svo og því að nemendur hafi getað keypt sér prófskírteini. Í lok kærna

segir: „Hefur þessi umfjöllun valdið kæranda miklu tjóni og álitshnekki og nemendum skólans jafnframt. Það virðist enda hafa verið ætlun blaðamannsins eins og umfjöllunin öll, framsetning og fyrirsagnir á forsiðu bera með sér.“

Í inngangi greinargerðar kærðu segir meðal annars: „Umræddar greinar byggja á frásögnum fjölda áreiðanlegra heimilda og vandaðrar heimildarvinnu blaðamanns sem gætti í einu og öllu að ákvæðum siðareglnanna við upplýsingaöflun, úrvinnslu, framsetningu efnisins. Þá er tilvísun til þess að greinin hafi valdið ótilgreindum nemendum skólans einhvers konar tjóni langsótt, enda ekki verið að fjalla um einstaka nemendur heldur rekstur skólans í dag.“

Í greinargerð kærðu er kæru efnum svarað hverju fyrir sig. Samandregið er því hafnað að um rangfærslur sé að ræða og staðhæft að byggt sé á frásögnum heimildarmanna sem ekki verði gefnir upp og blaðið hafi enga ástæðu til að efast um sannleiksgildi frásagnar þeirra.

Í niðurlagi greinargerðar kærðu segir: „Eins og hér hefur verið rakið fylgdi umbj. minn 3. gr. siðareglum BÍ í einu og öllu í umfjöllun um Ferðamála-skóla Íslands. Umfjöllunin var vönduð, byggð á mikilli rannsóknarvinnu, samtölum við tugi heimildarmanna sem margir komu fram undir nafni, framsetning hennar var



viðeigandi og átti erindi til almennings. Ber að hafna því að brotið hafi verið gegn siðareglunum með umræddum skrifum.“

## Umfjöllun:

Í bréfi kæranda annars vegar og greinargerð kærðu hins vegar stangast á fullyrðingar um hvort kæranda hafi gefist kostur á að bregðast við gagnrýni eða ekki. Kærandi ber því við að hafa verið erlendis þegar fyrri

umfjöllun blaðsins birtist en haft samband við kærðu við heimkomu sem ekki hafi sýnt því áhuga. Kærði segir hins vegar að kæranda hafi verið gefinn góður tími til að svara spurningum blaðamanns áður en næsta umfjöllun birtist.

Eftir yfirferð málsins er það mat siðanefndar að Fréttatíminn hafi fjallað á málefnalegan hátt um Ferðamálastofnu Íslands. Umfjöllunin hafi verið byggð á faglegri rannsóknarvinnu. Fréttatíminn hafi ekki gerst

brotlegur við siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

## Úrskurður:

Fréttatíminn telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík 1. nóvember 2016

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Friðrik Þór Guðmundsson

Jóhannes Tómasson

Valgerður Jóhannsdóttir

# Ekki brotleg

Úrskurður í máli 5 2016-2017

## Kærandi:

Friðjón Guðjohnsen.

## Kærð:

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttastjóri Fréttatímans.

## Kæruefni:

Frétt ÞKÁ í Fréttatímanum 26. ágúst 2016 um friðuð hús í Reykjavík og bótakröfur tengdar þeim og forsiðutilvisun á þá frétt.

## Málsmeðferð:

Kæra þessi er dagsett 10. október sl. og barst siðanefnd 12. október sl., en tilefnið er fréttáflutningur ÞKÁ og Fréttatímans um friðuð hús í Reykjavík og bótakröfur tengdar þeim. Kæran var úrskurðuð tæk og því var andsvara leitað þann 1. nóvember sl. Þau bárust frá ÞKÁ þann 17. nóvember sl., en í kjölfar þeirra var einnig óskað eftir andsvörum frá ritstjóra/-um Fréttatímans vegna kærðrar forsiðutilvisunar, sem ÞKÁ taldi sig ekki bera ábyrgð á. Andsvör bárust frá ritstjóra

Fréttatímans (ÞT) þann 28. desember sl. Fjallað var um kærana á fundum siðanefndar 1. og 15. nóvember, 20. desember 2016 og 5. janúar 2017.

## Málavextir:

Kærandi telur að framsetning fréttarinnar, bæði á forsiðu og í meginmáli, sé „óvönduð, ónákvæm og villandi“ og þá í andstöðu við 3. gr. siðareglu BÍ. Í fyrsta lagi sé framsetningin með þeim hætti að blandað sé saman málafnum kæranda og systkina hans og málefnum óskylds einkahlutafélags (verktaka). Í öðru lagi sé um að ræða rangfærslu um gildi deiliskipulags frá árinu 2005, „gefið í skyn“ að það sé fallið úr gildi, sem sé rangt, en á því deiliskipulagi byggist aðalkrafa kæranda og systkina hans um að úrskurður Minjastofnunar þess efnis að ekki megi rífa húsið verði felldur úr gildi og sömuleiðis varakrafa um bætur þeim til handa verði úrskurðurinn ekki felldur úr gildi. Kærandi segir ekkert fjallað um þetta kærufæri í fréttinni né heldur, í þriðja lagi, að hann og systkinin, eigendur hússins, hafi allir búið í húsinu í æsku og erfitt húsið eftir móður sína. Þvert á móti sé á forsiðu

„gefið í skyn“ að eigendur hússins séu verktakar, sem sé alrangt. „Ljóst er að þeir sem aðeins líta á forsiðumyndina og textann við hlið hennar lesa út úr því að fólkið á myndinni séu þeir verktakar sem vitnað er til í myndtextanum,“ segir kærandi. Hann óskaði leiðréttingar en segir þeirri ósk ekki hafa verið svarað.

Kærða segir í andsvörum sínum að hún hafi unnið fréttina af fyllstu heilindum og hafnar því alfarið að hafa ekki gætt í einu og öllu að 3. gr. siðareglunnanna við vinnslu og framsetningu fréttarinnar. Hún hafnar því alfarið að málefnum systkinanna sé blandað saman við málefni verktakafyrirtækis og segir ljóst af lestri fréttarinnar að um aðskilin og ótengd tilvik sé að ræða. Í fréttinni segi: „Tveir húseigendur hafa gert fjárkröfur á hendur Minjastofnunar vegna húsa sem eru friðuð en eigendur vilja rífa“ og sérstaklega tiltekið að um tvo ólíka húseigendur sé að ræða. Kærða hafnar því að forsiðutilvisunin sé röng eða villandi, en tekur fram að forsiðutilvisunin sé ekki á hennar ábyrgð – hún hafi ekki samið hana. Kærða hafnar því að frásögn um deiliskipulag 2005 hafi verið röng eða villandi og hvergi

sagt að téð deiliskipulag hafi verið fellt úr gildi og rangur málskilningur að halda því fram að slíkt sé gefið í skyn. Á hinn bóginn blasi við: „Í kjölfar gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012 þann 1. janúar 2013 hefur verið óheimilt að rífa niður hús sem eru eldri en hundrað ára gömul. Þessi lagabreyting gerir það að verkum að óheimilt er að rífa niður (hús kæranda og systkina hans) enda þótt heimild hafi verið fyrir því samkvæmt deiliskipulagi ársins 2005.“ Kærða mótmælir því og að ekki sé minnst á viðkomandi kærufæri, „henni eru gerð ítarleg skil í greininni þar sem kemur fram að eigendurnir geri þá kröfu að fá að rífa niður húsið“ og kærða segir rangt að ekki sé minnst á æskutengsl systkinanna við húsið, enda segir orðrétt í fréttinni: „Hann [kærandi] segist ekki hafa neinar rómantískar taugar til hússins þótt hann sé alinn upp þar, móðir hans hafi upphaflega fest kaup á því af því það var í niðurniðslu og þess vegna fengist fyrir lítið fé.“

Kærða hafnar því að þörf hafi verið á leiðréttingum þegar ósk um slíkt barst frá kæranda. Þá segir kærða í andsvörum sínum: „Þrátt fyrir að blaðið telji undirfyrirsögnina ekki villandi var kæranda boðið að birta athugasemd á fréttasíðunum til að áréttast að hann sé ekki verktaki heldur eigandi hússins. Var þetta gert umfram skyldu en kærandi hefur ekki þegið boðið.“ Með því að kærða hafnaði ábyrgð á téðri forsiðutilvísun óskaði siðanefnd

eftir afstöðu ritstjóra til þess kæruefnis. Í svari Þóru Tómasdóttur ritstjóra segir að hvergi í umfjöllun blaðsins, né á forsiðu, sé því haldið fram að systkinin séu verktakar og ekki verði lesið úr forsiðunni að verið sé að gefa slíkt í skyn. „Við sjáum ekki að fyrir sögnin sé með nokkrum hætti villandi eða misvísandi.“

### Umfjöllun:

Siðanefnd telur ljóst að kæra þessi beinist fyrst og fremst að framsetningu viðkomandi fréttar og forsiðutilvísun. Siðanefnd tekur undir með kærðu að í frétt hennar komi fram skilmerkileg aðgreining á málefnum annars vegar kæranda og systkina hans og hins vegar nefnds verktakafyrirtækis, að gildi téðs deiliskipulags sé réttilega tilgreint að teknu tilliti til laga um menningarminjar, nr. 80/2012, og að skilmerkilega komi fram að kærandi hafi búið í umræddu húsi í æsku. Siðanefnd fær ekki séð af lestri fréttarinnar að lesandi geti velkst í vafa um hver aðalkrafa kæranda og systkina hans sé og hver varakrafa – þau vilja fá að rífa húsið en fá skaðabætur ella. Siðanefnd telur að í meginmáli fréttarinnar séu siðareglur BÍ ekki brotnar.

Í kærðri forsiðutilvísun á umrædda frétt er í fyrsta lagi mynd úr fréttinni af kæranda og systur hans fyrir framan hús þeirra, í öðru lagi aðalfyrirsögn tilvísunar: „Vilja fá 200 milljónir fyrir að

rífa ekki hús“ og í þriðja lagi undirfyrirsögn tilvísunar: „Verktakar vilja rífa litlu húsin til að byggja stórt“. Ljóst má vera að aðalfyrirsögn tilvísunarinnar er í samræmi við myndina; kærandi og systkini hans hafa lagt fram 180 milljóna króna bótakröfu fái þau ekki að rífa húsið. Undirfyrirsögn tilvísunarinnar vísar til annarra hluta í viðkomandi frétt. Forsiðutilvísanir, eins og sú sem hér um ræðir, geta aldrei sagt langa sögu; til þess verður að ætlast að lesandi dragi ekki of miklar ályktanir af slíkum tilvísunum heldur kynni sér efni þess sem vísað er til. Siðanefnd leggur nú eins og áður áherslu á að forsiðutilvísanir endurspegli með réttmætum hætti innihald þess sem vísað er til og telur að hin kærða forsiðutilvísun sé hvorki röng né villandi, þótt hún gæti hafa verið skýrari eða nákvæmari með meira rými.

### Úrskurður:

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Fréttatíminn eru í máli þessu ekki brotleg við siðareglur BÍ.

Reykjavík 5. janúar 2017  
 Hjörtur Gíslason  
 Ásgeir Þór Pétursson  
 Björn Vignir Sigurpálsson  
 Friðrik Þór Guðmundsson  
 Jóhannes Tómasson

## Blaðamannaklúbburinn

### – góður staður til funda- eða veisluhalda

Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn**, er glæsilegur nýinnréttaður salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalda. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustuhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.



Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í sínum 553 9155 og 568 3155.

## Af vettvangi háskólanna

Á vettvangi háskólanna á Íslandi er á hverju ári unnið umtalsvert starf meðal nemenda við að skoða og rannsaka fjölmiðla og blaðamennsku frá hinum ýmsu hliðum. Hér á eftir fara nokkrir útdrættir úr ritgerðum af þessu tagi. Rétt er að undirstrika að hér er aðeins um sýnishorn að ræða og ekki fullt yfirlit yfir ritverk af þessu tagi.

### Um fjöllun um kvennaípróttir í fjölmiðlum: Ípróttafréttir í Ríkissjónvarpinu

Höfundur: Alexandra Herleifsdóttir

Fjölmiðlar hafa ákveðið vægi í nútímaþjóðfélagi. Þeir hafa áhrif á það sem rætt er um í samfélaginu með svokölluðum dagskráráhrifum. Hægt er að

velta því fyrir sér hvort komi á undan framboð og eftirspurn, áhorf eða áhugi á kvennaípróttum. Samkvæmt rannsóknum ræðum við frekar um það sem fjallað er um í fjölmiðlum. Markmið rannsóknarinnar var að gefa betri inn-sýn í stöðu kvennaíprótta í fjölmiðlum í dag. Sjónvarp er einn helsti fjölmiðillinn sem fólk fylgist með og lá því beinast við að rannsaka stöðu kvenna í ípróttum þar. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að konur eiga aðeins brot af vægi sem karlar hafa í umfjöllun um ípróttir í fjölmiðlum. Ríkisútvarpið er fjölmiðill í almannabágu og varð hann fyrir valinu í þessari rannsókn. Tekið var mið af fjölda fréttu, tímalengdar fréttar og fyrstu frétt hvers fréttatíma yfir mánaðar tímabil. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að misvægi er

á milli umfjöllunar kynja í ípróttafréttum. Misvægið er ekki eins mikið og hefur sést annars staðar en það er til staðar og er gildishlaðið. Karlar höfðu hæsta hlutfall í öllum flokkunum, það er að segja höfðu flestar fréttir, oftast í fyrstu frétt og höfðu hlutfallslega lengstan birtingartímann á tímabilinu.

Slóð: [http://skemman.is/stream/get/1946/25543/57434/1/Umfjöllun\\_um\\_kvennaiprottir\\_í\\_fjolmiðlum.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/25543/57434/1/Umfjöllun_um_kvennaiprottir_í_fjolmiðlum.pdf)

### Hlíðamálið: Áhrif og ábyrgð fjölmiðla í kvikmynd umræðunnar

Höfundur: Sunna Valgerðardóttir

Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum fjölmiðla. Erfitt hefur þó reynst fyrir fræðimenn að komast





að nákvæmri niðurstöðu annarri en þeirri að áhrifin séu mikil. Flestir fræðimenn hafa sammælt um að valdi fylgi ábyrgð. Í þessari ferilsrannsókn eru þær hröðu breytingar sem hafa orðið á fjölmiðlaumhverfinu undanfarin ár skoðaðar sem og mörkin á milli fréttamennsku og upplýsingagjafar á samfélagsmiðlum, sem eru sífellt að verða óljósari. Leitast er við að svara spurningum um ábyrgð fjölmiðla í samfélagsumræðunni í tengslum við eitt afmarkað fréttamál sem birtist á forsíðu Fréttablaðsins 9. nóvember 2015, Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana. Þá eru birtingarmyndir kvenna sem fórnarlömb kynferðisofbeldis í fjölmiðlum skoðaðar út frá feminísku sjónarhorni í tengslum við jafnréttisumræðuna, sem hefur farið hátt á Íslandi undanfarin ár. Þá eru fréttir Fréttablaðsins greindar með tilliti til hefðbundinnar blaðamennsku.

Fréttin vakti mikla athygli og hafði víðtæk áhrif á samfélagsumræðuna. Hún greindi frá kynferðisbrotamáli þar sem tvær konur höfðu kært tvo menn fyrir nauðgun. Fullyrt var að íbúð sem annar maðurinn hafði til umráða hafi verið útbúin til nauðgana og mennirnir voru ekki úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Samdægurs var búið að nafngreina og

birta myndir af mönnum á samfélagsmiðlum sem deilt var yfir 2.000 sinnum. Myllumerkið #almannahagsmunir fór af stað á Twitter og fjöldi fólks mótmælti aðferðum lögreglunnar við lögreglustöðina. Síðar um daginn sagði lögreglan fyrirsögn blaðsins hafa verið ranga. Fréttablaðið var krafði um bætur, 22 einstaklingar fengu kröfubréf fyrir þátt sinn í málinu, konurnar voru kærðar fyrir rangar sakargiftir og rannsókn á nauðgunarkærunum var vísað frá af héraðssaksóknara.

Þrátt fyrir tilkomu samfélagsmiðla og aukin völd almennings til miðlunar á efni, þá hafa hinir hefðbundnu fjölmiðlar enn gífurlegt vald yfir skoðunum og viðhorfi almennings. Erfitt er að segja til um hvaða langtímaáhrif Hlíðamálið hefur fyrir umræðuna með tilliti til tjáningarfrelsis, sem og hvað varðar ábyrgð og skyldur fjölmiðla.

*Slóð: Verkefnið er lokað til 2030*

## Upplýst samfélag: Opinber umræða, háskólaþólk og fjölmiðlar

*Höfundur: Gauti Skúlason*

Í þessari ritgerð er fjallað um hvað þurfi að vera til staðar í lýðræðissamfélögum til þess að borgarar þeirra

geti tekið þátt í opinberri umræðu. Fjallað er um mikilvægi opinberrar umræðu fyrir lýðræðið og rætt um hvaða hlutverki háskólaþólk og fjölmiðlar eiga að gegna í opinberri umræðu en niðurstaða rannsókna er að þessir hópar séu mikilvægir fyrir virkt lýðræðissamfélag. Skoðað er hvernig og hvers vegna fjölmiðlum og háskólaþólki mistókst að halda opinberri umræðu upplýstri í aðdraganda íslenska efnahagshrunins árið 2008. Áhrif hagsmunaaflla á opinbera umræðu eru krufin til mergjar og greint frá dæmum um tilraunir hagsmunahópa til að hafa áhrif á fjölmiðla og háskólaþólk, bæði fyrir og eftir hrun. Ljóst er að í íslensku samfélagi eru til öfl sem reyna að vængstífa upplýsta opinbera umræðu. Færð eru rök fyrir því að uppgjörinu við hið íslenska efnahagshrun sé ekki lokið og því ljúki ekki fyrr en tekist er á við þá staðreynd. Aðeins þannig er hægt að styrkja umhverfi fjölmiðla- og háskólaþólks sem eru nauðsynlegar stéttir í öllum virkum lýðræðissamfélögum.

*Slóð: [http://skemman.is/stream/get/1946/25138/57789/1/GautiSkulason\\_BA\\_Skemman.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/25138/57789/1/GautiSkulason_BA_Skemman.pdf)*

## Samdráttur í erlendum fréttáflutningi: Ástæður, afleiðingar og birtingarmyndir

Höfundur: Auður Alfa Ólafsdóttir

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hvort samdráttur í erlendum fréttáflutningi hafi átt sér stað á seinustu áratugum, hvernig samdrátturinn birtist, hvaða ástæður liggja þar að baki og hvaða afleiðingar það hefur haft og/eða mun hafa. Í upphafi verður fjallað um sögu, bakgrunn og mikilvægi erlends fréttáflutnings sem og þá þætti sem helst hafa áhrif á hvað birtist okkur í fréttum. Þá verður farið yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjölmiðlun með tilkomu internetsins. Næst verður fjallað um þann samdrátt sem orðið hefur í erlendum fréttáflutningi seinustu áratugi, erlendis og hér á landi. Því næst verður farið í þær ástæður sem liggja að baki samdrættinum, og greint frá því hvernig samspil tækniþróunar og breytinga á viðskiptaumhverfi hefur gert það að verkum að fjölmiðlar hafa dregið úr erlendum fréttáflutningi og fjalla í

